

**ÞITT
EINTAK**

SIRKUS

30. JÚNÍ 2006 | 26. VÍKA

**UPPBOÐ Í REYKJAVÍK
HUGLEIKUR ÁTTI
DÝRSTA VERKIÐ**

**ÁTTA LIÐA ÚRSLIT HM
MEÐ HVERJUM
Á AÐ HALDA?**

**SÉRSMÍÐAÐIR
SPILAKASSAR
KOSTA 175
ÞÚSUND**

**STYRKJA GEÐSJÚKA
MEÐ LEIKSÝNINGU**

ÚTLIT SEM BLEKKIR

NÚ Í VIKUNNI ÚTSKRIFAÐI FÖRÐUNARSKÓLINN EMM SCHOOL OF MAKE UP NOKKRA NEMENDUR EFTIR STRANGT NÁMSKEIÐ UNDFARNA MÁNUÐI. SIRKUS FÉKK AÐ KÍKJA Á AFRAKSTURINN, SEM ER VÆGAST SAGT GLÆSILEGUR. ÞAR SÉST SVO SANNARLEGA AÐ HÆGT ER AÐ BREYTA ÚTLITINU OG BLEKKJA AUGAÐ MEÐ ÞVÍ, HVORT SEM ÞAÐ ER GERT TIL AÐ FEGRA EÐA AFSKRÆMA.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

EIN STÆRSTA TÓNLISTARHÁTÍÐ HEIMS OG HÖFUÐHÁTÍÐ ÍSLENDINGA, HRÓARSKELDA, ER HALDIN NÚ UM HELGINA. FJÖLDI FRÍSKRA ÍSLENDINGA ER Á SVÆÐINU EN ÞEIR SEM HEIMA SITJA GETA NOTIÐ EINNAR KVÖLDSTUNDAR Á KELDUNNI VIÐ VIÐTÆKIN.



SIGUR RÓS HELDUR UPPÍ MERKI ÍSLANDS Á KELDUNNI Í ÁR.

METFJÖLDI ÍSLENDINGA Á HRÓARSKELDU

Tónlistarhátíðin í Hróarskeldu er án efa höfuðhátíð Íslendinga, sem hafa streymt þangað svo þúsundum skiptir síðastliðna áratugi. Í ár ber svo við að metfjöldi Íslendinga mætir á svæðið samkvæmt ferðaskrifstofunni Exit-ferðum, sem hét áður Ferðaskrifstofa stúdenta og hefur selt miða á hátíðina frá upphafi hennar.

RÓSIN REPRESENTS

Exit seldi rúmlega 900 miða en auk þess eru fjölmargir Íslendingar á leið á hátíðina, sem keyptu sér sjálfir miða úti í Danmörku. Aðsókn á Hróarskeldu hefur verið vaxandi síðustu ár en aldrei áður hefur talan náð þúsund.

Sómi Íslands, sverð þess og skjöldur á hátíðinni þetta árið eru drengirnir í Sigur Rós. Þeir voru síðasta hljómsveitin á sviðið á fimmtudagskvöldið og má gera ráð fyrir því að stemningin hafi verið mögnuð þegar þeir göldruðu fram sína heimsfræga tóna.

FJÓRIR TÍMAR ON AIR


En þrátt fyrir að margir séu súrir yfir því að hafa ekki komist á hátíðina þetta árið, enda dagskráin þrumugóð, geta þeir yljáð sér við þá hugsun að á laugardagskvöld verður útvarpað beint frá

ÓLI PALLI ÚTVARPAR FRÁ APPELSNUGULA SVIÐINU Á LAUGARDAGSKVÖLD.

stærstu tónleikunum á hinu fræga appelsínugula sviði. Ólafur Páll Gunnarsson útvarpsmaður er staddur á Keldunni og ætla hann að taka við á Rás 2 klukkan 21 og vera í loftinu til klukkan eitt. Búast má við því að hann nái því tónleikum Primal Scream og Tool, sem eru á dagskrá um þetta leyti, auk þess sem hann þætir eflaust einhverju gúmmelaði með í pokann. Óli verður síðan manískur á upptökutækinu þarna úti og mætir heim með einhverja 30 til 40 tónleika, sem verða spilaðir á Rásinni fram á næsta vor.

HJÁLMAR Í STÍNU


Sigur Rós er eina íslenska hljómsveitin á sjálfri Hróarskeldu en leiða má líkur að því að margir þeirra Íslendinga sem eru staddir úti sjái aðra landa sína á sviði. Næstkomandi miðvikudag, 5. júlí, spila nefnilega Hjálmarir góðu á engum öðrum stað en Loppen í Kristjáníu. Það mætti ætla að reggið þeirra falli vel í kramið í Stínu og eru tónleikarnir kjörinn staður fyrir alla að enda ferðina. Þeir hefjast klukkan 21 en sama dag klukkan 17.30 spilar sveitin í nýrri verslun 12 tóna, sem er staðsett á Fiolstræde 7.



HJÁLMAR VERÐA Á HEIMAVELLI Í STÍNU EFTIR HELGI.

SIRKUS MÆLIR MEÐ

Vespur eru pottþétt málið í sumar. Ekki þær sem eru með vængi og brodd og eru að deyja út hér á landi. Þær eru hundleiðinlegar. Nei, við erum að tala um týpurar með tveimur hjólum og geðveikan klassa. Höldum uppi evrópski meginlandsstemningu hér á norðurlöðum þegar sólskinið nær að brjótast í gegnum slydduna. Klæðum okkur eins og Marcello Mastroianni og Jackie Onassis, setjum upp sólgleraugu og keyrum um bæinn veifandi og kallandi „Ciao!“ hvert á annað.



Sirkus mælir með að strákar teikni andlit á vísi- og þumalfingur hægri handar á föstudags- og laugardagskvöldum. Til hvers í ósköpunum? Þetta er gert til þess að auka sjálfsöryggi þeirra sem ganga um kærstulauasir. Hvernig þá? Þegar viðreynslan á barnum gengur ekki ráfa strákar heim, fullir og með sárt enni. Þegar heim er komið er mál að losa sig við frústreringuna með hægri hendinni. Þá, með dass af sjálfsblekkingu, er hægt að ímynda sér að maður sé að fá afar þurrttott frá stelpu með hnefastóran haus. Krípi? Já, en það virkar.




Evrópskt hipphopp í stað þess norðameríska. Það er staðreynd að Biggie var feitur með ljóta rödd og Pac átti það til að væla dálíðið. Og plís, plís, plís, ekki blasta Summertime með Fresh Prince. Jörðin þolir ekki meiri spilun á þessu lagi á sumrin. Ef þú ætlar að halda grillveislu um helgina og vilt fá smástemningu, ekki vera með „Fiddy Cenn“ og Colt 45. Blastiði frekar Saian Supa Crew og hellið niður Budweiser Budvar til þess að minnst fallinna hómía. Mot aller chez votre mère!



Loksins eru hvalveiðar byrjaðar aftur. Það er eitthvað svo töff og badass að borða hvalkjöt. Það segir við trúfámmandi umheiminn að Íslendingar séu harðir naglar sem klæðist svörtu leðri að sumarlagi og kjamsi á blóðugum keikóborgara þegar þeir eru ekki of uppteknir við að berja fólk og gefa fökkjúmerki. „End þenn ví vossj itt dán við somm brennivín!“ Kikið á þrjá frakka og biðjið um sætustu hrefnuna, alblóðuga og spriklandi og ekkert kjaftæði.

EFNI

- 4 – Er bíladellan að gera vart við sig?
- 6 – Þakið rauk af húsinu og hæst var boðið í verk eftir Hugleik.
- 7 – Blade Slayer og Borg Óttans.
- 12 – Kallarnir sýna hvað í þeim býr.
- 14 – Með hvaða liði áttu að halda á HM?
- 16-17 – Útskrift hjá Emm School of Make Up.
- 20 – Kíkt inn til kappans og Helgi Seljan segir sitt álit.
- 20-24 – Fagrar meyjar og flott hönnun.
- 26 – Partiljón eiga að kíkja á þetta, því þetta er víst fjör.
- 27-29 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalíf í Reykjavík.



SIRKUSÁVARPIÐ

BJARTAR NÆTUR ÚT UM ALLT LAND

Það fer ekki á milli mála að hinar löngu og björtu nætur sumarsins leggjast vel í Íslendinga. Nú um helgina er allt að gerast, enda er fyrsta helgin í júlí nokkurs konar miðpunktur sumarsins. Bæði er af nægu að taka í höfuðborginni og utan hennar. Skemmtistaðirnir keppast um að bjóða upp á sem metnaðarfullsta dagskrá og íslenskir tónlistarmenn koma jafnvel að utan til að spila. Listasöfnin blómstra líka yfir sumartímamann og bjóða upp á endalausar opnanir, gjörminga og viðburði.

Úti um allt land eru síðan hátíðir hvert sem litið er: Þórsörkin trekkir ennþá að, Húmarhátíð á Höfn sækir í sig veðrið, Færeyingar fagna sínum dögum í Ólafsvík, Háskólanemar flykkjast í Hallgeirsey og síðast en ekki síst er sjálft Landsmót hestamanna haldið á Vindheimamelum í Skagafirði. Þá sendir Sirkus einnig jákvæða strauma yfir til Danmerkur þar sem metfjöldi Íslendinga skemmtir sér á Hróarskeldu. Þeir sem vildu fara en komust ekki þurfa ekki að svekkja sig því Rás 2 sendir beint út frá hátíðinni á laugardagskvöld. Stanslaust stuð, hvert sem litið er.



Tinni Sveinsson

SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
 Kyningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
 Sölustjóri: Hörður Jóhannesson
 hordur.johannesson@365.is
 Ritstjóri: Tinni Sveinsson
 Ritstjórn: Sigríður Ella Jónsdóttir
 Sólmundur Hólm Sólmundarson
 Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
 Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Gúndi fyrir EMM School of Make Up. Hár, förbun og stilling var í höndum Bjargar Alfreðsdóttur, EMM School of Make Up.

þorirðu?



ögrandi orkudrykkur

TANTRA
exotic

ENGAR TÆKNIBRELLUR ERU NOTADAR ÞEGAR BÍLARNIR RENNA.



SVAKALEGIR BÍLAR Í TOKYO DRIFT

ÖFUÐ VÍÐ ÞAÐ SEM FLESTIR HÉLDU Í UPPHAFI HAFA THE FAST AND THE FURIOUS-MYNDIRNAR GENGID ÞRUSUVEL. NÚ UM HELGINA ER ÞRIÐJA RÆMAN Í FLOKNUM FRUMSÝND EN Í HENNI ER KYNNT NÝ TEGUND GÖTUKAPPAKSTURS Í TÓKYÓ.

The Fast and the Furious-flokkurinn hefur notið mikilla vinsælda í gegnum árin og komið sér vel fyrir leikarana sem leika í myndunum. Vin Diesel varð stjarna í kjölfar þeirrar fyrstu og Paul Walker fylgdi fast á hæla honum eftir tvær myndir. Nú er komið að þriðju myndinni í floknum, Tokyo Drift, og nú eru það ekki ungstirnir sem eru aðalmálið, heldur bílarnir, sem eru margir og skrautlegir.



AÐALGENGID Í MYNDINI.

2000 DEKK

Framleiðslufyrirtæki myndarinnar réð til sín fagmenn til að velja bílana og breyta. Það keypti þá síðan dýrum dómum og í myndinni sjálfri eru það atvinnuökumenn sem keyra. Nafnið Tokyo Drift vísar til tegundar götukappaksturs sem tókast í Japan, sem hægt er að kalla skrið. Þar snýst sigurinn ekki um að koma fyrstur í mark heldur að láta bílinn renna á hlið sem næst vegriðum eða gangstéttum. Rúmlega tvö þúsund dekk voru enda spænd upp við tókur myndarinnar og um 100 bílar eyðilagðir.

YAKUZA OG ALLUR ÞAKKINN

Í fyrstu myndinni var fylgst með götukappakstri í Los Angeles og þeirri næstu

glæponum og ökuniðingum í Miami. Nú flyst söguþráðurinn til Tókýó. Aðalhlutverkið er í höndum hins unga Lucas Black. Hann er vand-ræðagæmsi, sem er sendur til að búa hjá föður sínum í Tókýó. Þar kynnist hann öðrum rugldalli, sem rapparinn Bow Wow (áður Lil' Bow Wow) leikur. Hann kynnir hann fyrir driftinu, skriðinu, og okkar maður er fljótur að komast upp á kant við alla helstu töffarana og Yakuza-glæpagengið. Leikstjóri myndarinnar er nýr af nálinni. Hann heitir Justin Lin og sló í gegn á Sundance-kvikmyndahátíðinni fyrir nokkrum árum með myndinni Better Luck Tomorrow.

The Fast and the Furious: Tokyo Drift er sýnd í Laugarásbíói, Borgarbíói Akureyri og Sambíó-unum Álfabakka, Kringlunni og Keflavík.



NEONLJÓSIN Í TÓKYÓ NJÓTA SÍN VEL Í MYNDINI.



MITSUBISHI EVO 9 '06
Var breytt allsvaklega fyrir myndina.

FORD MUSTANG HYBRID '67
Hetjan Sean mætir á þessum í driftið.



NISSAN SILVIA S15 '01
Hetjan vinnur þennan í kappakstri.

VEILSIDE MAZDA RX7 '94
Var kosinn flottasti bíllinn á risasýningu í fyrra.



NISSAN FAIRLADY 350Z '02
Bill vonda gausins, D.K. (Drift King).

MAZDA RX8 '06
Gellubíllinn í myndinni.



NISSAN FAIRLADY 350Z '02
Þennan keyrir brjáláður Yakuza-Japani að nafni Morimoto.

CHEVROLET MONTE CARLO '71
Ekki láta blekkjast af útlitinu, þetta er 10,3 lítra og 800 hest-afla græja. Sá öflugasti í hópn-um.



SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með að fólk sé að velja sér upp úr Baugsmálinu. Þetta mál er búið að vera í gangi of lengi og er farið að minna á mexíkóska sápuóperu. Þeir sem lásu viðtalið við Jón Sullenberger í Mogganum hefðu betur flett áfram og lesið myndasögurnar. Þvílíkt drama! Enska orðið „sullen“ þýðir „þöglu hatur eða illindi“ og því miður hefur Fyluborgarinn þöglu ekki farið að eigin skilgreiningu. Íslenska þjóðin veit vel að Baugsfeðgar eru harðir í bisset og örugglega eitthvað óheiðarlegir en þeir hafa gert meira fyrir íslenska verkalyðinn en allir trúnaðarmenn verkalyðsfélagana sameinaðir. Hættum að þæla í þessu.



Ekki vera að nota bílinn of mikið í sumar. Gerið allt annað en að keyra: hlaupið, skriðið, dustið af gamla BMX-hjólinu eða takið bara „moonwalk“ í vinnuna. Hreyfingarleysið og kokkteilsúsúslafrið er að breyta þjóðinni í gesti hjá Jerry Springer. Svo er fólk að keyra niður í World Class, labba á Stairmasternum í tvo tíma og keyra svo heim. Hvar eru rökín á bak við það?

Ekki brenna í sólinni í sumarfríinu. Það er ekkert verra en að koma heim frá Costa Del Sol (eða hvaða suðrænu paradís sem við erum að útbreiða plebbaskap til) og líta út eins og maður hafi lent í sérstaklega skæðu tómatsúsúslasi. Ef fólk þarf endilega að steikja sig í sólinni ætti það að minnsta kosti að líma á sig skemmtilega stensla upp á flippið. ALLS EKKI fara í ljós í sumar. Það er eins og að fá lánaðan kveikjara í miðjum húsbruna.



Sirkus mælir ekki með geisladiskakaupum. Af hverju að kaupa beljuna þegar þú getur sest fyrir framan tölvuna og dánlódað mjólkurflutningsforrit sem fyllir iPodinn þinn af ískaldri og svalandi mjólk? Neytendur eru að borga 2.300 kr fyrir geisladiska þegar ferðageislaspilarar kosta 1.500 kall. Mótmælið geðveikinni með netborgaralegri óhlýðni. Eina undantekningin við þessa reglu er innlend tónlist. Músikfólk hérlendis er nú þegar að selja blíðu sína til þess að eiga fyrir salti í grautinn á meðan Britney er komin með kryppu af öllu blinginu um hálsinn.



TOMMI WHITE SNÝR HEIM

Danstónlistarunnendur kætast eflaust yfir því að grúvboltinn Tommi White snýr heim nú um helgina og ætla að troða upp á nokkrum stöðum. Á föstudagskvöld sér hann um tónlistina á Kaffibarnum og má því búast við því að dansgólfið verði orðið fullt óvenjusemna. Á laugardagskvöld færir Tommi sig síðan yfir á Kaffi Sólón þar sem hann spilar á neðri hæð fram eftir nóttu. Tommi býr þessi misserin í London og er því ekki við öðru að búast en að plötutaskan hans sé troðfull af nýrri og spennandi tónlist úr heimsborginni.



Hlunkur
Kjörís

Nýtt
sykurlaus
Hlunkur
Mínus
Kjörís



Luxus



Mjólkurhrisingur með súkkulaðibragði

Mjólkurhrisingur með jarðarberjabragði



Lúxus súkkulaðitoppis

Lúxus karamellutoppis

Lúxus jarðarberjabragði

Púkaðott, vanillus með hláupullum



Trúðis með tyggöklu

Sprengipinn

Græn flaug

Gormur með ávaxtabragði

Klakastöng með jarðarberjabragði



Magnum með karamellu og tvöföldu dökku súkkulaði



Magnum með myntubragði



Klakastöng með appelsínubragði

Jarðarberja- og strusklakastöng



Magnum með mörðum



Magnum með hvítu súkkulaði



Magnum með dökku súkkulaði



Sólero Orange ávaxtasorbet með appelsínuhúp

Berjasorbet með strusvafling



FIMM ÞÚSUND, SJÖ ÞÚSUND, SLEGID!

„Það var langmest barátta um dýrustu verkin. Þegar tvær myndir eftir Hugleik Dags-son voru boðnar upp varð mikil keppni um þær og fólk orðið mjög æst,“ segir Svavar Pétur Eysteinnsson, forspraki hljómsveitarinnar Skakkamanage.

ALLIR MÆTTU MEÐ HLUT

Um síðustu helgi stóð sveitin fyrir nýstár- legri uppákomu, smámunauppbóði, á Snóker- sportbarnum við Hverfisgötu. Gestir voru hvattir til þess að mæta með smáhluti, sem þeir hefðu ekkert að gera við.

„Allir hafa þörf fyrir að losa sig við smáhluti. Enda kom það í ljós að fólk var greinilega tilbúið að koma með hluti til að bjóða upp og við þurftum að hafa okkur öll við til að komast yfir þá alla. Þetta fór miklu betur en við þorðum að vona,“ segir Svavar sáttur.

EFTIRMYND AF KJARVAL

EKKI GRÓFU ALLIR UPP HLUTI SEM ÞEIR HEFÐU engin not fyrir til að selja á uppbóðinu. Auk

Hugleiks mættu nokkrir listamenn með verk sérstaklega gerð fyrir kvöldið. Sara Riel mynd- listarmaður útbjó tvö verk, Örvar Þóreyjars- son Smárasón í múm málaði eftirmynd af verki eftir Kjarval og þannig mætti lengi telja. Þá útbjó Pétur Már Gunnarsson listamaður upp- bóðshamar og púlt fyrir kvöldið en hann var sjálfur uppbóðshaldarinn.

NÝJA PLATAN AÐ KOMA

„Við eigum pottþétt eftir að halda svona uppbóð aftur. Enda eiga kettir enn í neyð,“ segir Svavar en tíu prósent af afrakstri uppbóðsins renna til Kattholts. „Við erum ekki búin að reikna það saman ennþá en þetta er einhver góð summa.“

Auxpan, Mr. Silla & Mongoose og The Desire of Hudson Wayne trúðu upp um kvöldið en tilefni smámunauppbóðs Skakkamanage var ný plata sveitarinnar, sem kemur út seinna í sumar. Fyrstu lög af henni fara fljótlega að heyrast þannig að það borgar sig að hafa eyrun opin.

GESTIR VIRTU HLUTINA FYRIR SÉR Á SNÓKERBORDUM STADARINS ÁÐUR EN UPPBÓÐIÐ HÓFST.



ÞRÁINN, SEM ER FYRIR MIÐRI MYND, FÓR Á KOSTUM SEM EINSMANNSSVEITIN THE DESIRE OF HUDSON WAYNE Á UPPBÓÐSKVÖLDINU.



GESTIRNIR VORU SAMMÁLA UM AÐ UPPBÓÐIÐ HEFÐI TEKIST FRÁBÆRLEGA.



PÉTUR MÁR GUNNARSSON UPP- BÓÐSHALDARI OG SVAVAR PÉTUR BJÓÐA UPP GEISLADISK ÚR EIGU BENNA HEMM HEMM. PÉTUR MEÐ HAMARINN SEM HANN ÚTBJÓ.



GÓÐUR GRIPUR. TEIKNING AF BJÖRGVINI HALLDÓRS- SYNI ÁRIÐ 1969, BROTTIN TÖNN ET AL. SELDI!



PLAKAT FYRIR FYRSTU INNIPÚKAHÁTÍÐINA. ÞAÐ SÍÐASTA SEM TIL ER. SELTI



UPPBÓÐ Á ESPRESSÓVÉL UND- IRBÚIÐ. GYLFI BLÖNDAL ÚR KIMONO KEYPTI VÉLINA Á TÆPAR 2000 KRÓNUR.



TINNAFLAUGIN SELDIST AUB- VELDLEGA.



FORLÁTA MIÐI Á UKA- HÁTÍÐINA. VAR SLEGINN Á NOKKUR ÞÚSUND.



FORLÁTA SJÖTOMMUSTAND- UR MEÐ SJÖTOMMU SKAKKAMANAGE, HOLD YOUR HEART, Í KAUPBÆTI. BENNI HEMM HEMM KEYPTI.



DÝRUSTU GRIPUR KVÖLDSINS EFTIR HUGLEIK DAGSSON. MYNDIN VINSTRA MEGIN VAR SLEGIN Á TÓLF ÞÚSUND OG HIN Á ATTA ÞÚSUND EFTIR MIKLA BARÁTTU.

BALDUR BJÖRNSSON MYND-
LISTARMAÐUR SMÍÐAÐI TVÖ
SPILAKASSA AF GAMLA
SKÓLANUM FRÁ GRUNNI.

BALDUR VILL GJARNAN
SELJA KASSANA PEIM
SEM HAFA ÁHUGA.



BLADE SLAYER & BORG ÓTTANS FALIR FYRIR RÉTT VERÐ

„Ég eyddi miklum tíma og mörgum fimm-tíuköllum í að mastera spilakassa á gullaldar-árum Spilatorgs, Fredda, Tralla og annarra spilasala,“ segir Baldur Björnsson myndlistar- maður. Um síðustu helgi lauk vel heppnaðri sýningu hans *don't you think this outlaw bit has done got out of hand?* í BANANANANAS. Þar voru í aðalhlutverki tveir spilakassar, sem hann smíðaði frá grunni.

FJÓRIR LEIKIR Í HVORUM

„Ég smíðaði kassana og pantaði alls kyns íhluti að utan. Lét gera forrit til að keyra leikina og svona,“ segir Baldur en kassarnir eru greinilega vandlega úthugsaðir. Í hvorum þeirra eru fjórir gamlir, klassískir leikir. Annar heitir Borg Óttans og þar ganga allir leikirnir út á það að ná borg úr höndum vondra glæpamanna. Þar má til dæmis finna leikina Final Fight, Crime City og Captain Commando. Hinn kassinn heitir Blade Slayer og er hálf-gerður fantasíukassi. Með leikjum þar sem hetjan sveiflar sverði og drepur skrímsli og

bjargar konum. Á sýningunni var einnig vegg- fódruð mynd á veggina sem Baldur gerði þar sem sést innrás vélmanna í borg og nakinn maður sem horfir á.

TECH-SUPPORT FYLGIR

„Þetta eru allt ofbeldisleikir og nafnið á sýningunni endurspeglar inntak þeirra og það sem er í gangi í kringum okkur,“ segir Baldur en þeir gestir sem kíktu á sýninguna í BANANANANAS festust jafnan í spilerí, enda leikirnir flestir klassískir og þrusugóðir.

Ef áhugi er fyrir hendi eru kassarnir til sölu. „Að sjálfsögðu er þeir til sölu. Viðmiðunar- verðið er 175 þúsund en það má ræða það. Það er upplagt fyrir fyrirtæki eða stofnanir að hafa kassana í kaffiteríunni. Með dílum myndi líka fylgja „tech-support“. Ég passa upp á að þeir bili ekki,“ segir Baldur en þeir sem hafa áhuga á kössunum eða veggmyndinni geta sent honum póst á netfangið of- beldi@gmail.com eða einfaldlega hringt í kappann í síma 616-7921.



KASSARNIR HEITA BORG ÓTTANS OG BLADE SLAYER OG ERU MEÐ FJÓRUM LEIKJUM HVOR.

GLINGUR & GLAMÚR

Einn góður rúntur niður Laugavegin tæmir veskið en gleður hjartað. Þar eru margar hönnunarbúðir sem og „second hand“ búðir en um helgar er einnig svokallaður Sirkus markaður fyrir aftan samnefndan bar. Þar er hægt að gramsa og finna eitt- hvað við sitt hæfi og prúttu um verð eins og í útlöndum. Það er ekkert eins gaman og að dúlla sér niðri í miðbæ á góðum sumardeg.



GLAMÚR, GLERAUGU 2.500.



ROKK OG RÓSIR, GLERAUGU 1.700.



GLAMÚR, VESKI 3.900.



FATAMARKAÐUR SPÚÚTNIK, NÆLA 700.



FATAMARKAÐUR SPÚÚTNIK, SKÓR 2.500.



GYLTI KÖTTURINN, KJÓLL 5.200.



GLAMÚR, VESKI 3.900.

HVAÐ SEGJA STELPUR UM STRÁKA OG Í HVERJU ÞÆLA STRÁKAR UM STELPUR? SIRKUS GLUGGAÐI RÉTT AÐEINS Í ÞAU MÁL OG ÞAÐ VAR ÝMISLEGT SKEMMTILEGT SEM KOM ÚT ÚR ÞVÍ. SJÁUM HVÆÐ SETUR.

G-BLETTIR, GRÁTUR & GLIMRANDI HLÁTUR



HELGI VALUR

Tónlistarmaður, félagsfræðingur og meistaranemi í blaða- og fréttamennsku.

Af hverju öfundar þú stelpur?

„Ég öfunda þær af skipulagshæfileikum og þeirra kaldrifjuðu skynsemi.“

Hvað er mest kynsandi?

„Lífsgleði.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Eyru.“

Ef þú værir kona í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Horfa á svarthvita bíómynd, lesa Nietzsche og fleka Chris Cornell.“

Mest pirrandi í fari kvenna?

„Þeirra margbrotna eðli og þegar þær sofna yfir bíómyndum.“

Hver finnst þér flottur?

„Fiona Apple, Beyonce og Lovisa (Lay Low). Þær eru svo fallegar, góðar að syngja og góðar manneskjur.“

Ertu í sambandi?

„Nei, en er að leita að hliðstæðu sálar minnar.“

LOVISA ELÍSABET

Tónlistarkona, betur þekkt undir nafninu Lay Low og meðlimur Benny Crespo's Gang.

Af hverju öfundar þú stráka?

„Ha? Öfunda ég stráka?“

Hvað er mest kynsandi?

„Að vera mega kúl finnst mér sexi.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Ég hef voða gaman af fallegum augum og brosmildu fólki.“

Ef þú værir strákur í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Ég myndi taka upp plötu þar sem ég gæti sungið með karlmannsródd. Myndi kalla hana „Lay Low sings Bass“.“

Hvað er mest pirrandi í fari karla?

„Óheiðarleiki, siðleysi og vanvirðing við annað fólk er ljót blanda.“

Hver finnst þér flottur?

„Til dæmis Magnús Óðer, bassaleikari Benny Crespo's Gang.“

Ertu í sambandi?

„Nei, því miður.“



HAFRÚN ALDA

Verslunarstjóri í Spúútnik á Laugavegi.

Af hverju öfundar þú stráka?

„Ég öfunda ekki stráka.“

Hvað er mest kynsandi?

„Sjálfstraust.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Andlit.“

Ef þú værir strákur í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Fara í sumargleði í Spúútnik á laugardaginn og reyna við dj Ernu megahlúnk.“

Hvað er mest pirrandi í fari karla?

„Strákastælar.“

Hver finnst þér flottur?

„Rúnar rauði dauði vinur minn, hann er lögga.“

Ertu í sambandi?

„Nei.“

GUÐMUNDUR EÐA GÚNDI

Ljósmyndari með meiru

Af hverju öfundar þú stelpur?

„Ég er ekki viss um að ég öfundi stelpur neitt sérstaklega, kvenlíkaminn er fallegri en karlíkaminn en ég get ekki sagt að ég öfundi þær og óski mér brjóstá.“

Hvað er mest kynsandi?

„Það er svo mismunandi, stundum er ég í stuði fyrir þrýstna bossa og stór brjóst, stundum fyrir litlar og liðugar stúlkur. Aðra daga eru það exótískar Asíustúlkur sem eiga hug minn allan. Það fer eiginlega bara eftir því hvernig ruslpóst ég fæ hverju sinni.“

Ef þú værir kona í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Ætli ég myndi ekki nota daginn til að finna þennan blessaða G-blett.“

Mest pirrandi í fari kvenna?

„Kvenfólk á það til að greina hluti fulltarlega. Taka hluti sem ég segi í sakleysi og gríni og snúa því upp í eitthvað stórmál.“

Hver finnst þér vera flottur?

„Nýkrýnd ungrú Island er mjög falleg. Það er mikið af sætum stelpum í Keflavík núna. Síðan verð ég að nefna stelpurnar í Kastljósinu, allar alveg eitruklárar og gullfallegar.“

Ertu í sambandi?

„Nei, ég er á lausu. Er ekki beint þessi sambandstýpa.“



GUÐJÓN DAVÍÐ

Leikari í Fullkomnu brúðkaupi og Litlu hryllingsbúðinni, einnig kallaður Gói.

Af hverju öfundar þú stelpur?

„Af því að þær geta grátið yfir kvikmyndum án þess að fólk fari að hlæja og hvíslast á.“

Hvað er mest kynsandi?

„Kona sem brosir og hlær þannig að maður dáleiðist.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Höfuðið.“

Ef þú værir kona í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Fara í sund.“

Mest pirrandi í fari kvenna?

„Þegar þær segja að þær séu þroskaðri en karlmennt.“

Hver finnst þér flottur?

„Kæran min er dæmi um ótrúlega flotta stelpu. Það er allt við hana alveg magnað. Gáfuð, falleg, sexi og fyndnasta manneska í öllum heiminum. Hún kemur mér alltaf í gott skap.“

Ertu í sambandi?

„Já, ég var að segja það!“

MATTHILDUR LIND MATTHÍASDÓTTIR

Fyrirsæta og nemi.

Af hverju öfundar þú stráka?

„Þeir eru heppnir að þurfa ekki að fara á túr, þeir þurfa ekki að taka pilluna og geta sleppt því að mála sig.“

Hvað er mest kynsandi?

„Persónuleikinn tvímælalaust.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Líkaminn, augun og varnir.“

Ef þú værir strákur í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Held ég myndi vera hommi og fara á eitthvað frábært deit.“

Hvað er mest pirrandi í fari karla?

„Hvað þeir eru óútreiknlegir.“

Hver finnst þér flottur?

„Ronaldo og garðyrkjumaðurinn í Desperate Housewives.“

Ertu í sambandi?

„Það er eiginlega bara óvíst.“



DAGBJÖRT YLFA

Fyrirsæta og nemi.

Af hverju öfundar þú stráka?

„Af því þeir geta pissað standandi og eru fíranlega einfaldir í hugsun stundum, þurfa ekkert að flækja hlutina eins og við stelpurnar, allt frekar beisik.“

Hvað er mest kynsandi?

„Þegar hann er nýkominn úr sturtu og knúsar mig í klessu.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Staður fyrir ofan kynfæri og fyrir ofan nafla finnst mér vera æðislega kynsandi.“

Ef þú værir strákur í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Þá myndi ég rúnka mér! :)“

Hvað er mest pirrandi í fari karla?

„Mér finnast egoistar pirrandi og strákar sem hugsa of mikið um útlitið.“

Hver finnst þér flottur?

„Steven Gerrard er nýjasta hottið mitt í dag, myndi alveg vilja fara í sleik við hann, en svo auðvitað er það Gaukur kæranstinn minn sem er langlangstæstur, bestur og skemmtilegastur.“

Ertu í sambandi?

„Já, hann heitir Gaukur Úlfarsson.“

BENNI

Plötusnúður og tónlistarmaður, einnig kallaður Benni B-Ruff.

Af hverju öfundar þú stelpur?

„Bæði hvað þeir ilma alltaf vel og einnig að þær eiga svo mikið af skóm.“

Hvað er mest kynsandi?

„Þegar stelpur tala við mann með það mikilli kynorku að maður fær gæsaúð.“

Uppáhaldslíkamshluti?

„Það munu vera mjaðmir, rass og brjóst ef ég má segja þrennt. Gotta love that!“

Ef þú værir kona í einn dag, hvað myndir þú gera?

„Ég myndi fara back to the 70's og vera Tina Turner. Vakna snemma um morguninn, byrja á því að hugsa minn gang í tónlistinni, fá Curtis Mayfield til að taka upp og útsetja. Fara síðan heim í feitu höllina mína, ná í baseball-kylfu og swinga einu hoggi á Ike Turner, syngjandi Typical Male og henda honum síðan út. Síðan myndi ég keyra heim til Curtis Mayfield fara í eggjandi náttslöpp og syngja Paradise Is Here.“

Mest pirrandi í fari kvenna?


„Geta verið stundum soldið pikki og daðra of mikið.“

Ertu í sambandi?

„Neibb“



NÝJAR VÖRUR



bianca

Gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi
sími: 554 3533

ÞAÐ ER ALVEG NAUÐSYNLEGT AÐ EIGA Í SIG OG Á OG EITT AF ÞVÍ SEM MAÐUR Á ALDREI NÓG AF ERU SKYRTUR. SIRKUS FÓR OG FANN SKYRTUR Í ÖLLUM REGNBOGANS LITUM, ÚR HINUM ÝMSU EFNUM OG AÐ SJÁLFSÖGÐU MEÐ MISMUNANDI SNIÐI.

KARLÞJÓÐIN Í SKYRTUM



ÞESSIR KEPPA VIÐ MAGNA

Rockstar: Super Nova byrjar á Skjá einum í næstu viku og allir eru að deyja úr spenningsi. Magni okkar ætlar að sjálfsgöðu að rústa dæminu en fyrsti þátturinn fer í loftið á miðnætti næsta miðvikudagskvöld. Þetta er í fyrsta skipti sem raunveruleikabáttur er sýndur í beinni útsendingu á Íslandi og er hægt að kjósa Magna áfram með SMS-skeytum eða á msn.com, samkvæmt heimasíðunni skjarinn.is.

-  **Chris Pierson**
Hefur gefið út eina sólóplötu og spilað í nokkur ár.
-  **Dana Andrews**
22 ára suðurríkjaþía.
-  **Dilana**
Með svakalega reynslu. Var í vinsælustu sveit Hollands.
-  **Jenny Galt**
24 ára frá Kanada og hefur gefið úr fjórar plötur.
-  **Jill Gioia**
Er eiginlega búin að meika það áður og hefur sungið út um allt.
-  **Josh Logan**
Hefur harkað í mörg ár og eflaust mjög einbeittur.
-  **Lukas Rossi**
Kandamaður með einhverja rosalega rödd og mikla reynslu.
-  **Magni**
Okkar maður. Koma svo!
-  **Matt Hoffer**
Indírokkari og fyrrverandi hokkispilari og fasteignasali.
-  **Patrice Pike**
Bóhem frá Austin í Texas.
-  **Phil Ritchie**
Paulvanur og hefur hitað upp fyrir Bon Jovi, Goo Goo Dolls og fleiri.
-  **Ryan Star**
Ekta amerískur Springsteen-rokkari.
-  **Storm Large**
Hávaxin og falleg.
-  **Toby Rand**
Ástralskur hönk með þrusurödd.
-  **Zayra Alvarez**
Eins og fyrirsæta. Ættuð frá Púertó Ríkó.

Arthúr

Ég vil bara láta þig vita að þú ert kærastan mín af því ég er svo hrifinn af persónuleika þínum

Frábært

Þá get ég hætt að lita á mér hárið, fara í ljós, mála mig í framan, ganga með magabelti og í undrabrjóstahaldara

VIKU SÍÐAR

Ehh

Hvað elskan mín?

Þú ert ekkert með svo góðan persónuleika þegar ég fer að þæla í því

©2006 Jonni og Finnur
www.fjandinn.com/arthur

PERSÓNA

ALVÖRU HAMBORGARI



BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

HÖFÐABAKKA 9 & SKIPHOLTI 19



KALLARNIR.IS

31.12.2003 – 24.06.2006

ÞANN 24. JÚNÍ SÍÐASTLIÐINN VAR HEIMASÍÐUNNI KALLARNIR.IS LOKAÐ. Á ÞVÍ RÚMLEGA TVEGGJA OG HÁLFS ÁRS TÍMABILI SÍÐAN SÍÐAN VAR OPNUÐ HEFUR MARGT DRIFIÐ Á DAGA ÞESSARA DRENGJA, ÞÁ EINNA HELST HÖFUÐPAURSINS EGILS GILLZENEGGERS EINARSSONAR.

UPPHAFIÐ – SNYRTING SLÖNGUSVÆDIS, STRÍPUR OG TAN

Heimasíða drengjanna vakti strax mikla athygli þegar hún opnaði um áramótin 2004. Þeir héldu úti bloggi þar sem menn fengu það óþvegið, ósmurt og gjörsamlega hrátt. Þar hafði sig hvað mest í frammi Egill Einarsson sem kallaði sig Gillzenegger. Fyrsta árið var heimasíðan á milli tannanna á fólki sem ýmist hataði kallana eða elskaði. Fólk skiptist í tvær fylkingar, með eða á móti. Þeir sem voru á móti voru oftast en ekki þeir sem þekktu þá ekki persónulega. Þeir sem höfðu dálæti á þeim þekktu oftast til þeirra. Á síðunni var kennt hvernig ætti að snyrta á sér skaphárin, hvar ætti að fá sér strípur og hvernig ætti að viðhalda fullkominni ljósabrúngu, eða tani.

„VIÐ SPRENGJUM Í KELLINGAR SEM ÞIÐ RÚNKIÐ YKKUR YFIR“

Viss þáttaskil urðu í félagsskapnum kallarnir.is þegar meðlimir hópsins birtust á forsíðu Fókus, ári eftir að síðan var opnuð. Yfirskrift viðtalsins var „Við sprengjum í kellingar sem þið rúnkid ykkur yfir.“ Þá voru þessir umdeildu drengir búnir að færa út kvíarnar. Nú voru þeir ekki einungis á netinu heldur var boðskapurinn kominn í fjölmiðlana. „Okkur er alveg fyllilega alvara en auðvitað er líka smá djók í þessu. Annað hvort hatar fólk okkur eða elskar. Það er ekkert þar á milli. Og mér er eiginlega skítsama á meðan teljarinn telur og fólk heldur áfram að heimsækja

síðuna,“ sagði Egill í viðtalinu þar sem hann lét móðann mása. Áður höfðu kallarnir birst í BogB og komið fram í útvarpsþætti Freysa á X-inu en hvorugt vakti eins mikla athygli og viðtalið í Fókus enda fyrirsögnin sláandi.


EGILL SKRIFAR PISTLA

Eftir þetta umdeilda viðtal var boltinn farinn að rúlla hjá kallarnir.is, þó einna helst Gillzenegger sem var farinn að skrifa beitta pistla í Fókus á tveggja vikna fresti. Þá fór hann að birtast í dálkum eins og „Hvernig hefðurðu það?“, „Hvað liggur á?“ og „Hann segir/ hún segir,“ svo eitthvað sé nefnt. Samhliða því jókst umtalið og Gillzenegger var orðinn fígúra sem allir vissu hver var. Á sama tíma var Egill með þáttinn Kjappinn á Kiss fm sem var á dagskrá á laugardögum frá 14-18. Fyrst um sinn einskorðaðist frægð Gillzeneggers við lesendur DV. Fyrr en varði var hann farinn að birtast í föstum dálkum í Fréttablaðinu, á forsíðu Sirkuss og í Íslandi í dag. Maðurinn var orðinn frægur með stóru F-i.

VILLI WRX TEKINN Í GEGN

Síðasta sumar gerði Egill Gillzenegger sér lítið fyrir og tók lítinn, bleikhærðan og feitlaginn dreng að nafni Vilhjálmur Árni Sveinsson í gegn frá A til Ó. Það átti að gera hann að kalli.is. Fáir höfðu trú á því að Agli myndi takast ætlunarverk sitt en vitu menn. Vilhjálmur Árni, eða Villi WRX eins og hann var jafnan kallaður, sló í gegn og

VILLI WRX TÓK MIKLUM BREYTINGUM UNDIR HANDLEIÐSLU EGILS GILLZENEGGERS.



GILLZENEGGER OG PARTÍ-HANS VORU MEÐ ÞÁTTINN KALLARNIR Á SIRKUS.

varð eftirlæti allra húsmæðra sem biðu við lúgunu á mánudagsmorgnum eftir því að geta fylgst með meikóverinu hans Villa.

BÓK OG SJÓNVARPSÞÁTTUR

Í byrjun þessa árs snerust hjólin áfram og kallarnir.is voru komnir með sjónvarpsþáttinn Kallarnir á Sirkus. Í þættinum voru þjóðþekktir einstaklingar teknir í meikóver og þeim kennt að vera „flottir.“ Í því fólst meðal annars kennsla í rómantik sem Geir Ólafsson stór-söngvari hafði umsjón með. Um sama leyti kom út bókin Biblía fallega fólksins eftir Egil Gillzenegger og vakti hún mikla athygli. Þar predikaði Gillzenegger fagnaðarerindi fallega fólksins. Faglærðir bókmenntagagnrýnendur gáfu bókinni ekki háa einkunn og að launum fengu þeir að heyra það frá Agli í pistlum sem hann var þá farinn að skrifa fyrir Sirkus tímaritið. Versta útreið hlaut Hávar Sigurjónsson sem Egill sagði vera 60 kg með skólatösku og líta út eins og Woody Allen.

FJÖLMIÐLABANN SEM ENDADI Í ÚTVARPI


Egill hafði verið mikið í fjölmiðlum árið 2005 og í kringum páska árið 2006 tók hann þá ákvörðun að fara í fjölmiðlabann. Það varði þar til hann byrjaði með útvarpsþátt á X-inu 97.7 á vormánuðum. Þátturinn heitir „Með'ann harðan“ og er á dagskrá alla laugardaga milli 14 og 17. Þar stendur Egill Gillzenegger í dag og er líklegast ekkert á leiðinni út úr sviðsljósinu þó svo að heimasíðunni www.kallarnir.is hafi verið lokað.



GILLZENEGGERINN VARD STJARNNA Á EINNI NÓTTU OG GAF MEÐAL ANNARS ÚT BÓK.

EKKI ALLIR SÁTTIR VIÐ ENDALOKIN

Undanfarna viku hafa endalok heimasíðunnar verið mikið í fjölmiðlum því ekki virðast allir vera á eitt sáttir. Því hefur verið haldið fram að Jóhann Ólafur Schröder, betur þekktur sem Partí-Hans, hafi tekið þá ákvörðun einn og óstuddur að loka síðunni en það var hann sem opnaði hana og bjó til frá grunni. Það verður fróðlegt að sjá hver niðurstaðan verður í stóra kallamálinu en ljóst er að ákveðið tímabil hefur runnið sitt skeið.



12



PARTÍ-HANS OPNAÐI SÍÐUNA UPPHAFLEGA OG SÁ LÍKA UM AÐ LOKA HENNI.

GILLZENEGGER HEFUR MASSAST MIKIÐ Á ÞESSU TÍMABILI FRÆGDAR OG FRAMA.

FM957 56%

XFM 28%

Kiss FM 17%

Flash 16%

ALDREI STÆRRI OG VINSÆLLI!

Langöflugasti miðill unga
fólksins er enn að vaxa.



www.minnsirkus.is

Auglýsingasími: 550 5000

FM957

MEÐ HVADDA LIÐI ÁTTU AÐ HALDA Í 8 LIÐA ÚRSLITUM HM?

ER LIÐIÐ ÞITT DOTTIÐ ÚT OG ÞARFTU AÐ FINNA NÝTT TIL AÐ HAFNA Í UPPÁHALDI?



STUTT EN SEXÍ

Talhöfkskveðja hinnar dísætu Brynju Þorgeirsdóttur er svohljóðandi:

„Brynja hér. Skildu endilega eftir skilaboð.“
Áður en farið er í greiningu á kveðjunni verður að taka fram að Brynja Þorgeirsdóttir er án nokkurs vafa fallegasta sjónvarpskona landsins. Hún hefur tekið þátt í þúsundum af ólýsandi kynlífsathöfnum inni í hauskúpum karlpeningsins hér á landi. Konur og kærustur hvarvetna eru að furða sig á þessum skyndilega áhuga maka þeirra á reiðmennsku og hestahaldi.

Kveðjan er of stutt. En ef tillit er tekið til þess að hún hlýtur að fá hundruð simhringinga á kvöldin frá hugrökkum strákum sem freistast til þess að snara þessa ótemju er kveðjan skiljanleg. Engu að síður notast hún við orðið „endilega“. Þetta bætir ákveðinni hlýju í kveðjuna, eins og „hey, hringdu endilega ef þig langar að kíkja í kaffi“. Ástæðan fyrir því að kveðjan fær þrjár stjörnur þrátt fyrir lengdina er einfaldlega röðdin á Brynju. Hún er eins og flauelsklædd kvenmannshönd sem strýkur í gegnum hárið á manni og svo er stuttum kossi smelt á eyrað.

★★★★☆

TALHÓLF FRAGA FÓLKINS...



Hvernig fagnarðu ef liðið þitt skorar?

- a) Ég stend iðulega upp og valhoppa um húsið.
- b) Ég klæði mig úr Che Guevara-bolnum mínum, hleyp út á svalir og öskra.
- c) Ég hringi upp á Kárahnjúka og fæ að tala við portúgalska starfsmenn og óska þeim til hamingju.



Hverjir eru upphaldstítmir þínir?

- a) Ég er nú mikið fyrir hvítan. Svo klæði ég mig í svart, gult og rautt svona á tyllidögum.
- b) Liljablár er alltaf voða sætur. Svo er hvítur alltaf sölið.
- c) Vínrauður er í sérstöku upphaldi rétt eins og rauðvín.
- d) Hvítur og ekkert annað. Kannski þínu rauður.
- e) Blár – kóngablár.
- f) Gulur er nú flottur og svo er ég mikið fyrir bláar rendur.
- g) Heyrðu, það er gulur, frekar svona skærgulur. Svo er grænn ágætur í hófi.
- h) Blár, rauður og hvítur. Ekki spurning.



- d) Ég kalla að sjónvarpinu: „Well done, lads.“
- e) Ég tek hárbandið úr hárinu, fer á hnén og græt af gleði.
- f) Ég fer í appelsínugula byltingarbolinn minn og syng Wild Dances eftir Ruslónu.
- g) Ég set Framsóknarsömbuna á fóninn og dansa.
- h) Ég lyfti rauðvinsglasinu og segi „Viva Frans.“



Hvert finnst þér best að fara í frí?

- a) Ég vil fara þangað sem ég get gengið í bæjarabúning og drukkíð úr stórrí kollu.
- b) Á slóðir Che Guevara, eða heitir hann það ekki kallinn á bolnum mínum?
- c) Þangað sem fjölskyldufólk hefur það gott á sundlaugahótelum.
- d) Ég vil vera þar sem ég get setið á pöbb á kvöldin. Vil samt alls ekki vera að fram eftir nóttu.
- e) Það er alger eðall að geta setið á kaffihúsum og sötrað cappuccino. Það eru einu kröfurnar.
- f) Ég vil fara eitthvert þar sem eittrað er fyrir frambjóðendum og þeir verða afskræmdir.
- g) Ég vil fara á staðinn þar sem Michael Jackson tók upp myndbandið með öllu fátæka fólkinu.
- h) Ég vil vera þar sem rauðvinið er gott og hárfægur turn.

Hvernig leikmenn viltu hafa í líðinu?

- a) Helst bara hvíta einstaklinga sem spila öruggan bolta.
- b) Einhverja suðræna sem spila leiftrandi og léttan bolta.
- c) Suðræna en allavega einn verður að vera með demantseyrnalokk.
- d) Sem flesta rauðhousa og menn sem verða eldrauðir í sól.
- e) Það verða að vera margir með hárband og sleikt há.
- f) Einn heimsklassaleikmann. Það er nóg.
- g) Helst besta knattspyrnumann í heimi og einn fituhlunk sem er góður að skora.
- h) Marga svarta og eitt eitt hvítt tækniroll.



BOOTYLICIOUS EN ENGIN BÚÐ

Í síðasta tölublaði Sirkus RVK var tiskubáttur undir nafninu Bootylicious þar sem sjá mátti flotan rass klæðast átta glæsilegum nærbuxum úr búðum bæjarins. Því miður láðist að setja nöfnin á búðunum með. Því fylgir hér listi yfir þær og hvetjum við alla til að tækka á nærbuxunum.

Tvær Bootylicious-brækur voru úr Top Shop, tvær úr Gyllta kettinum, þrjár úr Debenhams og ein úr kvk.

FLEST A Haltu með Þýskalandi.	FLEST E Haltu með Ítalíu.
FLEST B Haltu með Argentínu.	FLEST F Haltu með Úkraínu.
FLEST C Haltu með Portúgal.	FLEST G Haltu með Brasilíu.
FLEST D Haltu með Englandi.	FLEST H Haltu með Frakklandi.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

STJÖRNUSKIN EÐA -HRAP Í SAMBANDINU

Heimasíða vikunnar að þessu sinni er hugsuð fyrir öll þörin sem skemmta sér við að lesa Sirkus. Á vefnum astro.com er risastór gagnabanki sem gríðarlega færir (að eigin sögn) stjörnuspekingar hafa safnað saman. Og framkvæmdin er einföld. Þið sláið inn fæðingardag, stað og nákvæman tíma (athuga þetta með tímann, þið þurfið að vita mínúturna) bæði á ykkur og mak-anum. Síðan er ýtt á JÁ og þá segir astro.com ykkur nákvæmlega hvernig stjörnunum lýst á sambandið: „Já, nei, þar sem hann er risandi krabbi í mána en þú hrútur í Satúrnus þá er þetta ekki að gera sig,“ eða „þvílík snilld að þú skyldir finna þér svona finan risandi bogamann í Júpiter til að tóna við Marsinn þinn í sjötta húsi!“



ÞESSI SÍÐA ANNADHVORT BJARGAR EÐA EYÐILEGGUR SAMBANDIÐ.

Þannig er það nú. Það skal hins vegar tekið fram, rétt eins og á astro.com, að öll þessi speki er aðeins til viðmiðunar. Það á ekki að taka hana bókstaflega.

14

SIRKUSTVÍFARAR



BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA FÓTBOLTANETJA.



BRANDON ROUTH SÚPERHETJA.

Þeir eru kannski engir tvíburar en þeir eru ansi líkir þessir tveir. Það sem meira er, þeir gegna sama hlutverki. Brandon Routh er, eins og mörgum er eflaust kunnugt, hinn nýi Súpermann og þar af leiðandi fellur það í hans hlutverk að bjarga deginum hvar sem hann stígur niður fæti (eða flýgur yfir). Allavega, Björgólfur er búinn að koma sér í svipaða stöðu. Allt frá því hann tók magnað tímabil með Þrótti hérna um árið fellur það alltaf í hans hlut að eiga að bjarga deginum, fyrst hjá Fylki og nú hjá KR. Hvort það gengur upp skal ekki segja en Sirkus hlakkar mjög til að sjá Brandon spila næsta leik með KR og Björgólf fljúga yfir Metropolis í bíó.



Auðvitað er BT með HM leik!

ATH!
5. HVER VINNUR!

VILTU VINNINNNA?

Sendu SMS **BT HMS** á **1900** og þú gætir unnið!
Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS
skeytið **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**.

**Aðal-
vinningur!**

**Aðal-
vinningur!**



275.999

Aðalvinningur er*
Toshiba Satellite M60-132 MEDION 27" sjónvarp



- << Klikkaðir
<< aukavinningar**
- 32" Medion LCD sjónvarp
 - Sony heimabíó
 - GSM símar
 - PSP tölvur
 - SONY MP3 1GB
 - PANASONIC LUMIX FX9
 - MEDION V8 X1600 + 19"skjár
 - Gjafabréf á Tónlist.is
 - Fullt af HM myndum
 - PS2 tölvur
 - Bíomiðar - The Benchwarmers
 - Fullt af Pepsi og en meira af DVD, CD's, VHS, tölvuleikjum!

BT

**Taktu
þátt!**

*Aðalvinningurinn verður dreginn út úr öllum innsendum SMS skeytum!

Vinningar veða afhendir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klíbb. 99 kr/skeytið



HARPA SJÖFN

Hvers vegna gerðirðu geishju? „Við áttum að búa til dagatal, við skoðuðum 12 lönd og fánana og gátum svo valið eitt. Ég valdi Japan og málaði út frá því, þar notaði ég litina í fánanum sem er hvítur og rauður. En síðan vann ég út frá því, litum og formi. En þetta var ekki í prófinu heldur í verkefni sem var í skólanum.“

Hvernig fannst þér skólinn? „Ég ætlaði alltaf að fara í þetta fyrir löngu og var að hugsa um No Name en fannst það ekki rétta stemmingin fyrir mig en síðan frétti ég af þessum og ákvað að fara í hann. Þetta var ótrúlega gaman og geggjáður skóli. Það var ofsalega góður andi og við stelpurnar náðum rosalega vel saman. Síðan er ég bara búin að vera í auglýsingum og litlum verkefnum Ég stefni svo á að taka meira að mér og vera dugleg í þessum bransa.“

Hvað er skemmtilegast við bransann? „Mér finnst skemmtilegast að skapa, búa eithvað til og sjá árangurinn. Vinnuumhverfið er líka svo yndislegt, þú ert að vinna á ýmsum stöðum og með mörgu spennandi fólki.“

ALMA ÖSP

Hvað varst þú með í syndunum 7? „Í syndunum 7 vann ég með græðgi og ákvað að tengja það við upphaldsmerkið mitt. Hugsunin var græðgi í merkjavörur og það að fólk geri hvað sem er til að fá flottustu töskuna, hálsmenið eða eithvað annað. Ég ákvað því að gera rísa Chanel-hálsmen á módelið sem var mjög áberandi. Ég ákvað Chanel af því mér finnst það ótrúlega flott merki og síðan er það líka klassískt og mjög þekkt. Síðan var hún með sprungna vör svona til að ýkja allt aðeins. Mér fannst þessi synd mjög spennandi þar sem fólk er oft gráðugt í hitt og þetta. Þetta er eithvað sem maður getur auðveldlega samsvarað sig, maður þekkir það að langa í eithvað eða vera gráðugur sjálfur. Maður þekkir þessa synd.“

Ertu ánægð með útkomuna?


„Ég er frekar ánægð með útkomuna, held að þetta hafi allt gengið vel. Mér fannst námið skemmtilegt og klæjar í puttana að gera eithvað meira.“

Hvernig gekk að finna módelin?

„Mér fannst þetta ekki svo erfitt heldur er aðalatriðið að þora að hringja. Það gengur svona misvel en allt gengur upp ef viljinn er fyrir hendi. Sum módel eru ekkert að sækjast í þetta en sumir eru til í það.“

Hvað er fram undan?

„Ég er að fara til útlanda núna á sunnudaginn að hitta kærastann. Hann er búinn að vera á interrail og við ætlum að fara að ferðast um Spán og Barcelona. Kærastinn minn er búinn að vera í burtu í mánuð svo það verða fagnaðarfundir. Ég ætla að hitta hann og við ætlum að skoða framandi staði. Ég hlakka mjög mikið til, það á eftir að verða æðislegt. Síðan þegar ég kem heim þá ætla ég að klára FÁ og svo kemur allt bara í ljós.“



PRÓFTÍMINN ER LÖNGU LIÐINN Í FLESTUM SKÓLUM EN ÞAÐ Á EKKI VIÐ UM EMM SCHOOL OF MAKE UP. ÞAR VORU NEMENDUR Á FULLU VIÐ AÐ LJÚKA VIÐ SKÓLAÁRIÐ OG FENGUM VIÐ FYRIR FORVITNISSAKIR AÐ KÍKJA Á ÚTKOMUNA. VENJULEGA ER EKKI JAFN FAGURT AÐ FARA YFIR PRÓF EN ÞAÐ MÁ MEÐ SANNI SEGJA AÐ ÞESSI ÚTSKRIFT SÉ BÆÐI FJÖRUG OG FRÆÐANDI.

SKAPA ALVEG

Í EMM School of Make Up er margt uppi á tengingnum og þá sérstaklega undanfarna daga þar sem útskriftir voru að ganga í garð. Þessar stelpur voru að klára framhaldsnámskeið en

grunnnámskeiðið er byrjunarleitir fyrir þá sem hafa áhuga á fördun og öllu tengt því. Framhaldsnámskeiðið er þar sem allt smellur heim og saman. Hér er skapað alveg villt og galið og

farið mjög djúpt í fördun sem fag og list. Það er mikið af myndatökum, verkefnum, fyrirlesturum og ritgerðum og ekki má gleyma fyrirlesturum og ýmsum uppákomum. Nemendur eru mjög

mikið í verkefnum og hafa til dæmis gert forsöður og tskupætti fyrir Sirkus tímaritið.

HREFNA

Hvað tókst þú í prófunum? „Ég var með ýmislegt en það má segja að ég hafi verið mjög ánægð með „body paint“-prófið. Þar var ég með stelpu sem var að troða á sig fullt af hringum. Við áttum að velja eina af syndunum 7 og túlka hana. Ég valdi græðgi og ákvað að hún ætti að vera svo gráðug í skart, hún er búin að troða þeim svo á sig að það er farið að blæða. Syndin að vera svona gráðugur í þetta efnislega og í þessu tilfelli eru það hringir og skart.“



Hvað ertu að fara að gera? „Halda áfram að vinna og koma mér áfram í þessu. Ég er að vinna á trésmiðjuverkstæði í Grindavík, ég er að vinna í smíðum.“

Hvers vegna þessi skóli og hvernig fannst þér? „Ég ákvað að fara í þennan skóla af því hann var nýr og mér fannst hann mjög spennandi.“ Mér fannst mjög spennandi að læra „special effect“, vinna með blóðið og sárin. Framhaldið var alveg æðislegt, ég hlakkaði til að fara í skólann á hverjum degi.

Á að flytja í bæinn? „Neibb, hér er gott að vera.“

Á að gera eithvað í sumar? „Ég er að fara til Teneriv með fjölskyldunni núna í sumar og get ekki beðið eftir að koma, svo ætla ég á Þjóðhátíð en þá er það í fimmta sinn. Það klikkar aldrei.“



BJÖRG ALFREÐSDÓTTIR

Hvernig gekk lokaverkefnið? „Við fengum ákveðinn ramma sem við þurftum svo að vinna í kringum, það var í einu prófinu þar sem við fengum alveg frjálst. Við vorum allar að vinna út frá sömu hugmyndinni nema í einu. Það var rosalegt hvað þetta varð samt ólíkt hjá okkur og áhugavert að sjá útkomuna hjá nemendum.“

Hvernig var að vera í svona námi? „Ég er rosalega ánægð með skólann og ég lærði mjög mikið á þessu. Sóley er algjört æði og allir sem koma að skólanum. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegur tími. Þetta var bara eins og að fara í saumaklúbb á hverju kvöldi, við gerðum svo margt fjölbreytt. Það var svo margt óhefðbundið og hópurnir varð svo samheldinn, við erum sex saman öll kvöld. Það sést á lokaverkefnum hvað við erum ólíkar og að sjálfsgögu fannst sumum eithvað spennandi sem mér fannst ekki.“

Hvað var svona minnisstæðast? „Það er nú rosalega margt en mér fannst „special effect“ og „body paint“ alveg geggjáð. Þetta var lengsta prófið eða um 4 klukkutímar, mér fannst þetta próf og svo frjálsa prófið skemmtilegast.“

SIGGA LENA

Hvað varst þú með í syndunum 7? „Ég var með græðgi af því ég fékk svo góða hugmynd sem smellpassaði í þessa synd. Ég var með stelpu sem sat á gólfinu og var að borða r j ó m a k ö k u . Fyrsta sem mér datt í hug voru kleinuhringir, manneskja að borða kleinuhring með svo



miklu kappi að það er svona út um allt. Að klína því framan í sig eða eithvað. Ég ákvað þá að baka stóra köku og láta módelið borða hana eins og hún ætti lífið að leysa.“

Hvernig gekk og hvernig fannst þér námið? „Mér fannst rosalega gaman í þessu verkefni, þetta var svo frjálst en samt mjög krefjandi. Ég var líka með „look alike“ í Jennifer Lopez en það gekk kannski ekki alveg nógu vel en annars fannst mér ótrúlega gaman í synda-prófinu.“

Á að gera eithvað í sumar? „Ég er að fara í sumarfrí og verð í mánuð svo ég ætla bara að njóta þess, slappa af og fara í sumarbústað og ferðalög. Njóta lífsins er það eina sem ég ætla að gera.“

En fram undan? „Ég er að vinna á leikskóla á Rjúpnahæð og ætla síðan að vera dugleg í að koma mér áfram í make up-bransanum þar sem þetta á svo vel við mig. Ég fann bara um leið að þetta væri eithvað fyrir mig.“

Fyrir forvitna
www.emm.is

Hár, makeup og stílisering: Sígga
Lena, Emm School of MakeUp.
Ljósmynd: Steinar Hugi.



MILT OG GALLIÐ



Hár, makeup og stílisering:
Alma, Emm School of Make Up.



Hár og makeup: Harpa Sjöfn, EMM School of Make Up.
Ljósmynd: Esther Ýr.



Hár, makeup og stíliser-
ing: Hrefna, Emm
School of Make Up.
Ljósmynd: Steinar Hugi.

17

Stefán Karlsson tók myndir af nemendum.

BESTA HUÁ BET

Leikarinn Jamie Foxx var í skjý- unum þegar hann tók við tvennum verðlaunum á BET (Black Entertainment TV) verðlaunahátíðinni í Los Angeles á þriðjudaginn. Foxx vann verðlaunin með Kanye West fyrir besta myndband og samstarf fyrir lagið Gold Digger.

Mary J. Blige var valin besta R&B-söngkonan, Prince besti R&B-söngvarinn og Chris Brown besti nýliðinn og vinsælastur. Rapparamir T.I.

og Missy Elliott fengu sín verðlaunin hvor í hippoppflokknum. Chaka Khan fékk viðurkenningu fyrir ævistarf sitt í tónlist og tróð hún upp með Stevie Wonder og Prince.



PARIÐ KELIS OG NAS TÓK SIG VEL ÚT.

PLÖTUDÓMAR



Uppskeruhátíð krúttkynslóðarinnar.

Á fjölskyldualbúmi Tilraunaeldhússins er stórfjölskylda þessa merka listabatterís saman komin. Hér er að finna 21 lag með jafnmörgum flytjendum. Þetta er rjóminn af tónlistarmönnum krúttkynslóðarinnar, m.a. Kira Kira, Jóhann Jóhannsson, múm, Benni Hemm Hemm, Amina, Mugison, Slowblow, Stílluppsteypa og Apparat Organ Quartet. Útkoman er einhver flottasta safnplata síðari ára. Heildarsvipurinn er sérstaklega sterkur og minna þekkt nöfn eins og Borkó, ill vill og Represenitive Man standa leiðtugunum ekkert að baki. Upphaldsplatán mín síðustu vikur.

ÝMSIR – FJÖLSKYLDUALBÚM TILRAUNAELDHÚSSINS

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10



Upphitað töffararokk frá Bobby Gillespie og félagum.

Tónlist Primal Scream hefur alltaf verið sambland af töffararokki, sýru og danstónlist. Blandan er hins vegar misjöfn eftir plötum: Stundum er sýran ráðandi, stundum danstónlistin o.s.frv. Á Riot City Blues er töffararokkið í algjöru aðalhlutverki. Platan er yfirfull af blúsuðum rokkslögurum sem minna á Stones, Faces eða New York Dolls. Það er gaman að þessu þó að ég sé persónulega hrifnari af sveitinni í framsæknari og tilraunaþarfi hamnum.

PRIMAL SCREAM – RIOT CITY BLUES

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10



Melódískt popprapp með frábærum textum.

Fræ er samstarf þeirra Heimis og Sadjei úr norðlensku ofursveitinni Skyttunum, Palla úr Maus og Mr. Sillu. Sadjei sér um taktana, Palli spilar inn meirihlutann af hefðbundnu hljóðfærunum, Heimir rappar og Silla syngur viðlög og bakraddir. Tónlistin á Eyðilegðu þig smá er sambland af rappi og poppi. Styrkur plötunnar felst í melódískum lagasmíðum, á köflum skemmtilegum útsetningum og frábærum textum. Veikleikinn er að þetta er stundum of fagað og kraftlítið. Kostirnir vega samt mun þyngra en gallarnir og smellurinn Fréðinn fáviti er pottþétt eitt af lögum ársins.

Trausti Jálússon

FRÆ – EYÐILEGÐU ÞIG SMÁ

1 2 3 4 5 6 7 8 9 10



18

BILLBOARD VEÐJAR Á BALDVIN BELA

TÓNLISTARMAÐURINN BALDVIN RINGSTED GAF NÝLEGA ÚT PLÖTUNA HOLE AND CORNER UNDIR NAFNINU BELA. HANN BYR Í GLASGOW Í SKOTLANDI OG HEFUR HINGAÐ TIL FENGIÐ FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR.

Blaðamenn bandaríska tónlistartímaritsins Billboard veðja á að tónlist Baldvins Ringsted, sem hann semur undir nafninu Bela, eigi eftir að gera það gott. Í nýjasta tölublaði þessa gríðarlega áhrifamikla fjölmiðils er viðtal við Baldvin undir yfirskriftinni *Tónlistarmenn sem eru ekki með samning en líklegir til að ná alla leið*.

Hvort það reynist rétt verður að koma í ljós en það hefur væntanlega ekki skemmt fyrir Baldvini að selja eitt laga Bela í auglýsingu fyrir hafnaboltaliðið Washington Nationals.

PÁLMI PLOKKAR BASSANN

Bela gaf nýlega út plötuna Hole and Corner og er hún nú fáanleg á Íslandi og víðar. Hún inniheldur 12 lög. Kassagítarinn er í aðalhlutverki en tónlist Bela hefur til dæmis verið líkt við verk Nicks Drake, Kings of Convenience og Johns Martyn.

Platan var í smíðum í nokkurn tíma. Baldvin flutti í fyrra til Glasgow til að leggja stund á listnám og halda áfram að þróa plötuna. Hann hafði þá hljóðritað talsvert af efni með aðstoð ýmissa hljóðfærleikara hér heima. Meðal annarra plokkar Pálmi Gunnarsson bassa í nokkrum lögum og Birgir Hilmarsson bæði syngur og spilar á ásláttarhljóðfæri.

OF MIKILL TÍMI Í HLJÓMSVEIT

Þegar út var komið sendi Baldvin demó til nokkurra útgáfufyrirtækja og Say Dirty Records hringdu til baka nánast samdægurs og buðu samning.

Þegar hann var í höfn var hafist handa við að púsla saman plötu með aðstoð góðra manna. Verkið var síðan hljóðblandað í Geimsteini af Sigga í Hjalmmum og Gulla í Lights on the Highway.

Baldvin Ringsted er bæði myndlistarmenntaður frá Akureyri og Finnlandi og tónlistarmenntaður frá FÍH. Hann hefur verið í ótal hljómsveitum í gegnum tíðina en segist hafa farið að semja tónlist einn þegar hljómsveitaveran varð of tímafrek meðfram myndlistinni. Þeir sem hafa áhuga á að sjá hann á tónleikum ættu að hafa augun opin í júlí og ágúst því þá er stefnan tekin á Ísland.

Fyrir forvitna:

www.myspace.com/belamusicforpeople



BILLBOARD FJALLAR Á AFAR JÁKVÆÐAN HÁTT UM TÓNLIST BELA.

BALDVIN FLUTTI TIL SKOTLANDS Í FYRRA TIL AÐ SINNA LISTAGYÐJUNNI.

HLJÓMSVEITIN TELEPATHETICS SENDIR FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU PLÖTU

SJÚKRABÍLLINN KEMUR Í JÚLÍ

Hljómsveitin Telepathetics vakti óskipta athygli í fyrrasumar þegar breski umboðsmaðurinn Alan McGee bauð henni út til London að spila. Alan er nefnilega goðsögn í bresku tónlistarlífi eftir að hann fann Gallagher-bræður í Oasis og bauð þeim samning. Strákarnir létu ferðina aftur á móti ekki stíga sér til höfuðs og hafa verið duglegir að koma fram í vetur og dundað sér við að leggja lokahönd á sína fyrstu plötu, Ambulance, sem er væntanleg í júlí.

Telepathetics er skipuð fjórum rúmlega tvítugum strákum, þeim Andreas Boysen, Eypóri

Rúnari Eiríkssyni, Hlyni Hallgrímssyni og Óttari Birgissyni. Þeir hafa starfað saman í um fimm ár, fyrst undir nafninu Gizmo. Þeir gefa Ambulance sjálfir út en þessa dagana ómar lagið Last Song á útvarpsstöðvum landsins. Platan var tekin upp í Sundlauginni, upptökuveri Sigur Rósar, og var upptökstjórn í höndum Birgis Jóns Birgissonar, sem hefur unnið með Sigur Rós. Þá annaðist Pétur Þór Benediktsson strengjútsetningar í tveimur lögum.



HARDIR STRÁKAR MEÐ HAUSINN Í LAGI.

Fyrir forvitna:

www.myspace.com/telepathetics



AMOR AMOR

Vertu fersk í sumar...



... með Amor Amor Eau Fraiche

Skelltu þér á 50ml glas og fáðu stóra,
sumarlega tösku eða veski í kaupbæti.*

Útsöluastaðir cacharel um land allt.

cacharel
SUMARÁST



HVERNIG?

TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

SIRKUS FÆR EKKI NÓG AF ÞVÍ AÐ KÍKJA INN TIL FÓLKSINS Í LANDINU, ENDA YFIRLEITT FORVITNILEGT OG SPENNANDI AÐ SJÁ HVAÐ ÁLITSGJAFINN GETUR OG HVERNIG FÓLK HREIÐRAR UM SIG. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ AÐ LÍTA INN TIL HARÐAR BJARNASONAR, LEIKMANNSS VÍKINGS. HÖRÐUR BJARNASON HEFUR BÚIÐ Á TÓMASARHAGA Í EITT ÁR EN ER ÚR KÓPAVOGI. HANN VALDI HVERFIÐ ÞAR SEM ÞETTA VÆRI FRÁBÆR STAÐSETNING OG GOTT AÐ BÚA Í SVONA RÓTGRÓNU HVERFI. ÁLITSGJAFINN ER HELGI SELJAN, FRÉTTAMAÐUR HJÁ NFS, OG MÁ HVER DÆMA FYRIR SIG HVORT UM MIKLA MIÐILSHÆFILEIKA SÉ AÐ RÆÐA EÐUR EI.

Ég er með þetta: Þetta er strákur og mamma hans tók til fyrir myndatökuna. Þrjár fjarstýringar, sem stillt er upp á stofuborðinu, koma upp um hann. Sófinn er flottur en ég þori að veðja að rauðvínsflaskan í hillunni var keypt fyrir korteri. Striginn í horninu væri meira töff ef búíð væri að grunna hann, svona til að sýna smáviðleitni. Annars eru eftirpartíin í þessari íbúð örugglega fin, hægt að draga fyrir og svona.



Frábært bað! Skemmtilegt hvernig eigandinn leikur sér með litina á baðinu, notar rým- ið með litum. Ég er hrifinn af mottunni en líst ekkert á hversu nálægt klósettinu hún er, það er að segja ef karlmaður býr í íbúðinni. Sturtuhenginu get ég ekki lýst með orðum. Jú, annars: Það er æði, svo lengi sem blái liturinn lekur ekki úr. Note to owner: Ekki skilja sápunu eftir á vaskinum, settu skál undir hana.



Sirkus-mynd Páll Bergmann



ÞETTA SAGDI HELGI

„Ég hef búíð á Tómasarhaganum núna í eitt ár,“ segir Hörður Bjarnason sem er akkurat í þessu að undirbúa sig fyrir leik. „Ég vil hafa stílhreint og fint, en þú verður að átta þig á því að þú ert að tala við strák,“ segir kappinn og hlær. „Eins og staðan er í dag eru þetta aðallega Ikea-húsgögn en seinna kaupí ég eitthvað flottara. Ég vil hafa frekar ljóst og létt yfirbragð á íbúðinni, vil líka leyfa birtunni að njóta sín. Hverfið er æðislegt, það er algjör snilld að búa hérna. Staðsetningin er geggjúð, stutt frá bænum og gott að skokka á Ægisíðunni. Síðan er skemmtilegt útsýni, ég er úr Kópavoginum en bjó á Hringbraut og fannst hverfið alltaf svo flott. Það er svo þægilegt að búa hérna, ánægður að hafa keypt hér, rótgróið hverfi og gróðursælt,“ segir Hörður Bjarnason sem er á fullu að keppa þessa dagana. „Ég versla mestmegnis í Ikea, Habitat og keypti núna síðast sófann í Heima en annars er þetta líka héðan og þaðan. Í eldhúsinu eru 20 ára gamlir stólar frá mömmu og pabba og borðið er frá 1970 frá því við bjuggum í Mosó,“ segir Hörður Bjarnason fótboltakappi.

sigga@minnsirkus.is



Það er greinilega útsala í Ikea. Frábær snjóboltinn þarna á veggnum. Spurning um að efna til landsófnun- ar til að fylla upp í uppþvottavéla- rýmið þarna í innréttingunni, já, og líka til að fylla upp í tóma skápa.



Þessi maður sefur pottþétt einn 6 af 7 dögum vikunnar. Aukasængin breytir engu þarna, hún endar pottþétt sem koddí restina af vikunni. Rúmið er massíft en ég get ekki varist þeirri hugsun að eigandinn hafi verið búin/n til í því. Boltinn á gólfinu er lítið slitinn svo hann gegnir sama hlutverki og rauðvínið í stofunni: skraut til að heilla drukna kvengesti. Hillan yfir rúminu hefur örugglega verið tæmd eftir að allt datt á eigandann í svefni. Ég segi að hér búi ungur karlkyns háskólanemi sem hafi notfært sér kosningaloforð framsóknarmanna og skellt sér á 90% lán. Fin íbúð og vonandi nær hann verkfræðinni, blessaður.

ÞAÐ ER ALLTAF HÆGT AÐ BÆTA VIÐ SIG EINHVERJU HVAÐ VARÐAR SNYRTIVÖRUR. ÞAÐ KOMA NÝIR LITIR Í AUGNSKUGGUM, VARALITUM, GLOSSUM OG PÚÐRUM. RIFKA COSMETICS SÝNDI OKKUR NOKKRA NÝJA LITI SEM ERU GÓÐIR FYRIR SUMARIÐ OG SÝNDI OKKUR DÆMI UM ÚRVALIÐ.

FLOTTIR AUGNSKUGGAR SEM HÆGT ER AÐ KOMAST YFIR Í DEBENHAMS.



AUGNBLYANTAR, RIFKA COSMETICS Í DEBENHAMS.



EINBEITTAÐ Á SVIP.

ER SNYRTIBUDDAN TÓM?

FLOTTIR LITIR Í MIKLU ÚRVALI FRÁ RIFKA COSMETICS



VARABLYANTAR.



ÓSKALISTINN...

Samsung i6, 6.0 M pixla vél sem fæst í Hans Petersen, með sjálfvirkri fókus og hristivörn, linsan fer ekki út sem er ein algengasta bilun véla í dag. Spilar vídeó og tónlist. 33.980.-



Flott trébaðmotta á 3.490.- og fæst í Next í Kringlunni.

Canon Mvx4i, vídeó-kamera, 4 M pixla vél, geggiuð næturstilling, 200 x stafrænn aðdráttur og það flottasta í dag. 98.490.- Fæst í Hans Petersen í Kringlunni



Tyrnesk glös á tilbóði, bæði fyrir drykki og fallegur kertastjaki, eru núna í Te og kaffi á 432.-



BMX-hjól, þetta er þýskt BMX-hjól og heitir KHE og er með revolution-bremsukerfi. Það þýðir að hjólið er með nýtt og skilvirkara bremsukerfi. Þetta er flat lamp-hjól og það er hægt að kaupa kennslumyndband með á 2.490.- Allt þetta fæst í Útilífi í Kringlunni, hjólið kostar 25.990.-



Þrælskemmtileg leikföng úr Belleville á Laugavegi.

FRUMLEIKI & HÖNNUN

Það þarf stundum að líta út fyrir Laugavegsmörkin, því til hliðar í fallegu sundi, nánar tiltekið á Laugavegi 27, má finna fallega hönnunarbúð þar sem þær Íris Eggertsdóttir og Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir standa bak við borðið. Stelpurnar í kvk klikka ekki þegar kemur að frumleika og hönnun. Sirkus fékk að líta aðeins við til að sjá aukahluti sem eru einstakir og gleðja augað. Það er ekki verra að núna á laugardaginn er markaður og Mr. Silla mun syngja vel valda tóna.





SUMARIÐ ER TÍM-
INN, NÚ GETUM
VIÐ LEIKIÐ OKKUR
SAMAN, ÞETTA ER
TÍMI TIL ÞESS AÐ
LIFA OG NJÓTA.

Sögur Flyjóð

22



**GUÐFINNA: KJÓLL ROKK OG RÓSIR
OG HÁLSMEN EINKÆIGN
HELGA: KJÓLL ROKK OG RÓSIR OG
HÁLSMEN GYLTI KÖTTURINN**



HELGA: KJÓLL TRÍLÓGÍA, SPIJKERS EN SPIJKERS



GUÐFINNA: KJÓLL KRONKRON
ELEY KISHIMOTO OG HÁLSMEN
GYLLTI KÖTTURINN



HELGA: KJÓLL KRONKRON, VIVIENNE WESTWOOD



HELGA: KJÓLL KRONKRON ELEY KISHIMOTO



GUÐFINNA: KJÓLL TRÍLÓGÍA,
LA PETITE SALOPE
HELGA: KJÓLL TRÍLÓGÍA



Róbert Traustason
Þjálfari Boot Camp

Evert Víglundsson
Þjálfari Boot Camp

Arnaldur Birgir Konráðsson
Þjálfari Boot Camp

Við hlaupum Blátt áfram...



... alla leið frá Helli til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Helli á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálf maraþon!

Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

- **Þú getur hringt í 907 2000**

þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum

- **Þú getur keypt bol***

og fylgt Boot Camp þjálfurunum síðasta spölinn
- frá hlaupastöð 1 eða 2

- **Þitt fyrirtæki getur heitið á Boot Camp þjálfarana**

Hringdu í 533 2929 og styrktu Blátt áfram

*Þú getur keypt Blátt áfram bolina á næstu Esso stöð,
á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.

Laugardagurinn 8. júlí

Hlaupastöð 1

10.00 Litla Kaffistofan – Hafnarbakkinn = 26,3km

Hlaupastöð 2

12.00 Húsgagnahöllin – Hafnarbakkinn = 7,6km

Leiðin sem farin verður: Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður að höfn.

Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

14.00 Reykjavíkurhöfn – Skemmtun

Vertu með!



Lítið skref fyrir þig, stórt skref fyrir börnin

BLÁTT ÁFRAM!



GRILLVEISLA SEM BRAGÐ ER AÐ

FM 957 BAUÐ Í LATÍNÓ-GRILLPARTÍ Á HRESSÓ UM SÍÐUSTU HELGI. FJÖLDI FÓLKS MÆTTI Á SVÆÐIÐ ENDA VAR MATURINN FRÁBÆR OG SKEMMTIATRÍÐIN EKKI AF VERRI ENDANUM.

Það var mikið fjör í garðinum í Hressingarskálanum, Hressó, síðastliðinn laugardag. Þá boðaði útvarpsstöðin FM 957 hlustendur sína, vini og vandamenn, í Latínó-grillpartí og bauð upp á ýmsar veitingar.

Glæsilegir kokkar stóðu vaktina á grillinu á meðan dansarar frá Kramhúsinu settu suðrænu stemninguna á fljúgandi siglingu undir stjórn

Rossie frá Chile. FM 957 passar auðvitað upp á að tónlistin sé í lagi þannig að DJ Georg sá um að suðræni takturinn fengi að hljóma úti og inni á Hressó. Veislan var enda vel heppnuð og allir héldu saddir og sælir út í sjálfa Jónsmessunóttina ... sem var full af orku og brjáláð að gera í bænum.



SIRRÝ OG JENNÝ BROSTU SÍNU BREIÐASTA.



PÉTUR HORFÐI AÐDÁUN-ARAUGUM Á JENS, SEM REIF GRILLPINNANA Í SIG MEÐ TILPRIFUM.



ÍRIS OG ODDNÝ LÉTU VEL HVOR AÐ ANNARRI.

ÞAÐ GJÖRSAMLEGA GEISLAÐI AF ALEXÖNDRU OG EVELYN.

BRJÁLÆÐINGARNIR SEM FENGU SÉR X-TATTÚ Á KÁLFANA

SÓTTU MIÐANA OG ERU FARNIR Á HRÓARSKELDU

Það vakti óskipta athygli þegar þeir félagar, Kristmundur og Óskar, tóku útvarpsstöðina X-ið á orðinu og mættu á Íslensku húðflúrstofuna á Hverfisgötu til að fá sér risastórt X-ið tattú í skiptum fyrir V.I.P.-pakkaferð á Hróarskeldu. Strákarnir létu gagnrýnisráddir þó sem vind um eyru þjóta og mættu upp á X-ið nú í vikunni til að sækja miðana sína og nokkra bjórkassa í kaupbæti. Þeir fóru síðan á Hróarskeldu á miðvikudaginn.

„Það var alltaf plan hjá mér að breyta um leið og ég væri búinn að finna eitthvað annað flott. Ég er með annað tattú svo þetta er nú allt í góðu,“ sagði Kristmundur í samtali við Sirkus.

Óskar var á svipuðu máli. „Ég læt flúra yfir þetta, það er ekki spurning. Við gerðum þetta bara upp á fjörið, það er gaman að vera soldið brjáláður stundum. Ég er sérstaklega spennntur að sjá Tool sem er rokkband. Þetta verður bara stanslaust parti,“ sagði hann kátur. Sirkus óskar strákunum til hamingju og góðrar skemmtunar um helgina.



VÍGALEGR KÁLFAR.



STRÁKARNIR EIGA EFTIR AÐ VEKJA ATHYGLI Á HRÓARSKELDU.



KRISTMUNDUR OG ÓSKAR ANEGÐIR MEÐ VIÐURKENNINGU FRÁ FROSTA Á X-INU.



STRÁKARNIR MÆTTU Á X-ÍÐ TIL AÐ SÆKJA MIÐANA Á HRÓARSKELDU OG BJÓR MED.

X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	LAG	FLYTJANDI
1.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Is It Love?
2.	Blue October	Hate Me
3.	Wulfgang	Life And Habits
4.	Coheed And Cambria	Welcome Home
5.	The Strokes	You Only Live Once
6.	Angels And Airwaves	The Adventure
7.	Trabant	The One
8.	Hard-Fi	Better Do Better
9.	Muse	Supermassive Black Hole
10.	Hot Chip	Over and Over
11.	Benny Crespos Gang	Shine
12.	Stone Sour	Through Glass
13.	Red Hot Chili Peppers	Tell Me Baby
14.	Fræ	Dramatísk Rómantik
15.	Dirty Pretty Things	Bang Bang, You're Dead
16.	System Of A Down	Kill Rock'n Roll
17.	Dead Sea Apple	Cut My Finger
18.	Mew	The Zookeepers Boy
19.	Pearl Jam	Life Wasted
20.	Flaming Lips	The W.A.N.D.

ER ÞAÐ ÁST EDA KÓK? SPYRJA BRJÁLÆÐINGJARNIR Í FYRSTA SÆTI.



FM957 ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Black Eyed Peas	Gone Going
2.	Saving Jane	Girl Next Door
3.	Fort Minor	Where'd You Go
4.	Jeff Who?	Barfly
5.	Mihai Traistariu	Tornero
6.	Rihanna	Unfaithful
7.	Pink	Who Knew
8.	Pussycat Dolls Ft. Snoop	Buttons
9.	Gnarls Barkley	Crazy
10.	Nelly Furtado	Promiscuous
11.	Orson	No Tomorrow
12.	Teddy Geiger	For You I Will
13.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Is It Love
14.	Christina Aguilera	Aint No Other Man
15.	Lordi	Hard Rock Hallelujah
16.	Shakira Ft. Wyclef Jean	Hips Dont Lie
17.	Lucas Prada	And She Said
18.	All American Reject	Move Along
19.	Á Móti Sól	Hvar Sem Ég Fer
20.	Fræ	Dramatísk Rómantik

FERGIE OG VINIRNIR Á TOPPNUM ENN OG AFTUR.



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

SKEMMTI STAÐIR

FÖSTUDAGURINN 30. JÚNÍ



SIRKUS

Heimalningurinn Dj President Bongo frá Pineapple Records heldur uppi stuðinu og þá er nú von á góðu.

VEGAMÓT


Það er alltaf sama góða stemmingin á Vegamótum, kíktu við, fáðu þér gott í gogginn í góðra vina hópi. Svo þegar það færast meira fjör í leikinn er um að gera að dansa undir tónum hins eina sanna Dj Símons.

OLIVER

Það er heitt og sveitt hér í kvöld og enginn ætti að missa af stuðinu. Það er Dj Jóhann Bé sem ætlar að halda uppi massa-stuði þar til yfir lýkur. Stuð og standpína, rassadans og kelerí.

HRESSÓ

Dj Maggi er maðurinn um kvöldið, hann þeytir skífum þar til allt er orðið vitlaust.



SÓLON

Dj Heiðar Austmann spilar með svokölluðum snilldartöktum, dillar sér, skrattar og svona má lengi telja. Ekki missa af hönkinu spila góða músík.



HVERFISBARINN

Meistarinn Dj Stef ætlar að gera allt vitlaust á Hverfisbarnum. Hann verður sveittur í búrinu svo ekki láta ykkur bregða þótt þakið fjúki af.

PRIKID

Prikið heldur svaka veislu í kvöld eins og sjá má í greininni hér að neðan. Kári, Maggi legó og 4-deck hjá Magic og B-Ruff.



GRAND ROKK

Að sjálfsgöðu býður Grandarinn upp á HM í fótbolta en um eftirmiðdaginn á föstudag, klukkan 17.30, er það samt Pub Quiz sem ræður ríkjum. Davíð Þór Jónsson er stjórnandi dagsins og spurningahöfundur.

CAFÉ VICTOR

Hljómsveitin Nó Pí spilar milli 23 og eitt til að hitta upp fyrir nóttina, fimm Carlsberg í fötu kosta 1700 krónur og Hot 'n' Sweet er á spottprís. Dj Þróstur 3000 þeytir skífum eftir að Nó Pí eru búnir.

KRINGLUKRÁIN

Hljómsveitin Dans á rósum frá Vestmannaeyjum sér um að allir dansi á rósum í Kringlunni.

YELLO KEFLAVÍK

Eigandi staðarins, Atli, heldur uppi fjörinu sem endranær og laðar fram ljúfa tóna fyrir Keflvíkina.

LAUGARDAGURINN 1. JÚLÍ



NASA

„Kíki á Kaffibar, aðeins á Óliver, yfir á Næsta bar. Á röltinu í Reykjavík. Á röltinu ... endalaust,“ syngja Stuðmenn í nýju lagi sínu með Birgittu Haukdal, Stefáni Karli og Valgeiri Guðjónssyni. Hersingin verður frumsýnd í Reykjavík nú um helgina, nánar tiltekið á NASA á laugardagskvöld. Húsið opnar klukkan 23, miðaverð er 1500 kall og aldurstakmark 20 ár.

YELLO KEFLAVÍK

Eigandinn Atli heldur aftur uppi fjörinu á laugardagskvöld og laðar fram ljúfa tóna fyrir Keflvíkina.

PRIKID

Eins og kemur fram hér að neðan verður megastuð á Prikinu. Fyrst Kári, svo Ellen og Erna, síðan Anna Brá og Óli Hjörtur og loks Danni deluxe. Er hægt að biðja um meira?

KRINGLUKRÁIN

Hljómsveitin Dans á rósum frá Vestmannaeyjum sér um að allir dansi á rósum í Kringlunni.



VICTOR

Þróstur 3000 spilar fram eftir nóttu.

SIRKUS

Það verður boðið upp á plötusnúð frá frelsisstyttuborginni New York á Klapparstígnum í kvöld. Dj Kamilla mætir og sannar sig fyrir Íslendingum.

OLIVER

JBK & Addi trommari troða upp á Oliver á laugardag. Þar er auðvitað ekki við neinu öðru en góðu að búast.

BRJÁLAD STUÐ Á PRIKINU, 4-DECK OG ALLUR PAKKINN

ALLIR ÞEIR BESTU Á EINNI HELGI

Fyrir þá sem velja staðinn til að fara á eftir því hvaða plötusnúður spilar hvar, ætti Prikið að koma sterkt inn nú um helgina. Alls spila nú snúðar og byrjar fjörið strax klukkan 22 á föstudagskvöld með eðalsvölum tónum dj Kára. Maggi legó tekur við af honum og spilar um miðbik kvöldsins en vinirnir Gísli Galdur og Benni B-Ruff ætla að bjóða upp á sjónarspil þegar líða tekur á.

Gísli og Benni ætla að ljúka kvöldinu með 4-decki. Það þýðir að þeir mæta með fjóra plötuspillara og tvo mixera og taka spuna saman. Þetta er vandmeðfarið og auðvelt að klúðra taktinum í tímt rugl en strákarnir eru langt í frá nýliðar í bransanum, báðir búnir að spila í um tíu ár, og lofa þvílíku stuði. Þeir ætla að hafa þetta mánaðarlegan viðburð.

Á laugardaginn byrjar Kári aftur kvöldið um 22 og aftur er boðið upp á viðburðaríkt kvöld og tvo dúetta. Fyrst mæta ofurgellurnar Erna og Ellen á svæðið og síðan Anna Brá og Óli. Síðan er það Danni Deluxe sem slúttar dæminu af alkunnri snilld.

Það er greinilega nóg að gerast á Prikinu þessa dagana. Fljótlega mun annar sumar-diskur staðarins af fjórum koma út. Nú er röðin komin að Gísla Galdri að raða í magnaða syrpu en um síðustu helgi kom út diskur með syrpu eftir Deluxe. Þriðji diskurinn verður svo eftir B-Ruff og þann síðasta mun Maggi legó sjá um.

Fyrir forvitna:
myspace.com/djbruff
myspace.com/galdur
prikid.is



MAGGI LEGÓ.



ELLEN OG ERNA.



ANNA BRÁ OG ÓLI.



KÁRI SJÁLFR.



GÍSLI GALDUR OG BENNI B-RUFF VERÐA MEÐ 4-DECK.



DANNI DELUXE.

27

Sódoma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

LISTASÝNINGAR

MINJASAFN REYKJAVÍKUR

Sýningin Diskó og pönk er á Minjasafni Reykjavíkur – Árbæjar-safni, geggjað fjór fyrir alla.

ANIMA GALLERÍ

Elín Þórarinsdóttir sýnir hér hin ýmsu flát. Ótrúleg sýning sem enginn á að láta framhjá sér fara.

ENERGÍA

Sandra María Sigurðardóttir heldur málverkasýninguna moments og mun hún standa yfir til 30. júní. Viðfangsefnið er mann-eskja.

HRAFNISTA Í HAFNARIRÐI

Eiríkur Smith sýnir á Hrafnistu í Hafnarfirði en eins og allir vita er Eiríkur einn ástsælasti listmálari landsins.

AURUM

Petra og Hanna Lind leitast við að skapa heim innan ákveðins rýmis með eins litlu efni og mögulegt er. Stendur yfir til 7. júlí.

GALLERÍ SÆVAR KARLS

Reiter sýnir um 20 myndverk sem hann hefur málað undir hughrifum frá Íslandsferð fyrir einu og hálfu ári. Þá ferðaðist hann um óbyggðir landsins og má sjá áhrif þess í myndunum sem hann sýnir. Sýning stendur til 5. júlí.

HALLGRÍMSKIRKJA

Sumarsýning Listvinafélags Hallgrímskirkju. Ásgerður Búa-dóttir sýnir í forkirkju Hallgrímskirkju. Ásgerður er frumkvöðull nútímaveflistar og er sýningin í samvinnu við Listasafn Háskóla Íslands og mun standa yfir til 26. ágúst.

AKVARELLASÍREYKJAVÍK

Laugardaginn 1. júlí kl. 14.00 verður opnuð í Listasafni ASÍ sýningin AKVARELLASÍREYKJAVÍK. Þessir listamenn spanna þrjár kynslóðir íslenskrar listasögu. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa fengist við vatnslitamálu um áratuga skeið og náð umtals-verðum árangri í glímunni við vatnslitinn sem er afar vandmeð-farinn miðill.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS, LAUGARNESI

1. og 2. árs nemendur LHÍ sýna afrakstur námskeiðsins Textill og samtíminn undir leiðsögn Guðrúnar Gunnarsdóttur.

LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI

Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

GALLERÍ ÚLFUR, ÚLFUR

Á Baldursgötu stendur nú yfir sýning Fjölnis Bragasonar „Úlfur úlfur“ og mun hún standa út júní.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Sýning sem sett er upp fyrir unga listunendur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.

LISTASAFN KÓPAVOGS, GERÐARSAFN

Yfirlitssýning á verkum Guðmundar Einarssonar frá Miðdal. Unnið í samstarfi við Náttúrufræðistofu Kópavogs. Safnbúð og kaffistofa. Stendur til 31. júlí.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGÐI!

Sýning með hljóðtengdum myndverkum í tilefni Fjölljóðahátíðar. Finnþógi Pétursson, Haraldur Jónsson, Steingrímur Ey-fjörð, Kira Kira, Ólafur J. Engilbertsson og listnemar við LHÍ, sem sýna bókverk.

NÆSTI BAR

Undanfarið ár hefur Snorri Ásmundsson þróað með sér and-lega tækni í málalag, verk hans eru talin hafa lækningarmátt svo ekki missa af sýningunni og kannski hættir hausverkurinn.

NÝLISTASAFNIÐ

Sýning Bryndísar og Claire Charnley stendur nú yfir undir nafninu Speech eða á íslensku TALA.

101 GALLERÍ

Steinunn Þórarinsdóttir sýnir til 22. júlí, komið og þið munuð verða margs vísari en það er opið einungis fimmtudaga, föstu-daga og laugardaga.

SAFN

Verk eftir listakonurnar Karin Sander & Ceal Floyer verða í Safni. Sýningarnar eru opnar til 2. júlí. Auk verka eftir listakon-urnar tvær verða sýnd verk úr safneigninni.



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

Ljósmyndir Marks Watsons og Alfreds Ehrhardts eru til sýn- is fyrir gesti og gangandi í Myndsál og eru frá Íslandi sumarið 1938.

HELGIN HJÁ MERKJUNUM



Steingeit (22. des.–19. jan.)

Ef þú beitir rökhyggunni um of missirðu af kraftaverkinu. Ef þú tekur hlutina of bókstaflega, fer brandarinn fyrir ofan garð og neðan. Ekki vera of mikið á varðbergi og efastu ekki um of. Slakaðu aðeins á beislinu og þér mun áskotnast.



Vatnsberinn (20. jan.–18. feb.)

Vatnsberinn býr til sína eigin rökhyggju. Líklega hefur honum tekist að framkvæma eitthvað sem mun ekki endilega falla vel í kramið hjá öllum. Vertu á varðbergi og farðu vel yfir þín mál.



Fiskarnir (19. feb.–20. mars)

Fiskurinn upplifir hindranir á peningaviðinu og finnst eins og þær séu yfirtíganlegar en mundu að alltaf er gott að fara yfir hlutina í ró og næði og jafnvel með einhvern sér við hlið. Þetta er ekki eins svart og þú heldur.



Hrútur (21. mars–19. apríl)

Miðlun er lykillinn að velgengni hrútsins í augnablikinu, vertu duglegur herra hrútur að eiga góð samtöl við vissa aðila. Sam- skipti og nálægðin mun leiða eitthvað gott af sér. Hafðu það hugfast að ef öllu er á botninn hvolfst skiptir hið sagða ekki máli, heldur eru það eru verkin sem tala.



Nautið (20. apríl–20. maí)

Naut eru oft einkar séð í fjármálum og peningar skipta þau oft miklu máli, ekki síst vegna öryggisins sem þeir veita. En mundu kæra naut að það er eitt að halda utan um fjármálin og vera séður í þeim málum og svo allt annað að vera niskur á smá glens og gaman stöku sinnum. Kæra naut þú mátt alveg missa þig öðru hverju og gera þér og þínum glaðan dag.



Tvívurarnir (21. maí–21. júní)

Allt í kringum þig þessa dagana eru manneskjur sem vekja áhuga þinn og þér finnst aðdáunarverðar. Njóttu félags- skaparins á meðan þú getur og vertu ekki of feiminn til að leggja þitt af mörkum.



Krabbi (21. júní–22. júlí)

Dagur hinna óvænту atburða er í dag og engum á eftir að leiðast. Kannski uppgötvar þú nýjar hliðar á sjálfum þér í leið- inni og eitt er víst að þér mun svo sannarlega ekki leiðast á leiðinni.



Ljón (23. júlí–22. ágúst)

Þú veist meira en þú lætur oft uppi og að þessu sinni er þínu álitu ekki vel tekið. Þú hefur rétt fyrir þér og því er um að gera að reyna að útskýra mál sitt vel og jafnvel fá hjálp hjá álits- gjafa sem er sammála þér að mestu. Oft tekur tíma að rökræða og þrátt fyr- ir að allir séu ekki sammála þá hafa allavegana allir sagt sína skoðun.



Meyjan (23. ágúst–22. sept)

Margt er þess eðlis að það væri gaman að upplifa það að minnsta kosti einu sinni, tækifæri af því tagi gerir vart við sig í dag. Vertu á varðbergi og fylgstu vel með því sem er að gerast í kringum þig.



Vogin (23. sept–23. okt)

Vogin er merki jafnvægisins og því þarf að hafa í huga að lífið er bara stundum ekki í miklu jafnvægi. Stundum er lífið einn stór rússíbani en það er líka allt í góðu og ber bara að taka því eins og hverjum öðrum álagspunkti í lífinu.



Sporðreki (24. okt. – 21. nóv.)

Sporðrekin rekst á áhugaverðar persónur sem vekja áhuga og láta hann svífa um í einhvern tíma. Mundu að það borgar sig ekki að hreyfa sig snögglega í þeirra viðurvist.



Bogmaður (22. nóv.–21. des.)

Stundum á það við að vera óhefðbundinn og stundum fer best á því að byggja á reynslu liðinna kynslóða.

EINSTAKT GLAND MAGNÚSAR

Myndlistarmaðurinn Magnús Árnason býður upp á einstakan við- burð í galleríinu BANANANANAS klukkan 18 á föstudag. Magnús fremur þar gjörning sem hann kallar Gland. Áhugasamir verða að vera stundvísir því þetta er í eina skiptið sem Magnús sýnir Gland. BANAN- ANANAS er til húsa að Laugavegi 80, í porti við hornið á Barónsstíg.

Fyrir áhugasama:
www.banananas.com

MAGNÚS VIÐ GAMALT VERK,
SJÚKLEIKA BENEDIKTS.

FYRSTA HELGIN Í JÚLÍ ER STÓR ÚTILEGUHELGI OG VERÐUR NÓG UM AÐ VERA UM LAND ALLT. SIRKUS STIKLAR Á STÓRU.

Sú var tíðin að nánast öll ungmenni flyktust í Þórsmörk fyrstu helgina í júlí. Nú hefur það breyst og álagið á útilegustöðunum orðið dreifðara. Þórsmörk trekkir ennþá að en ungmennin hafa farið víða.

HUMARHÁTÍÐ SÆKIR Í SIG VEÐRIÐ

Undanfarin ár hefur Humarhátíð á Höfn í Hornafirði verið að sækja í sig veðrið og fleiri og fleiri aðkomumenn sem sækja hátíðina. Þykir ekkert óeðlilegt við það, enda andinn góður í bænum og nóg af Humar. Hljóm-sveitin Á móti sól mun halda dansleik með Ingó í fararbroddi í íþróttahúsi bæjarins og er gerður góður rómur að þeim böllum.

FÆREYSKIR DAGAR

Færeyskir dagar í Ólafsvík eru vinsæl hátíð um þessa helgi. Gestirnir sem þangað mæta

INGÓ VERÐUR MÆTTUR MEÐ Á MÓTI SÓL Á HUMARHÁTÍÐ Á HÖFN.



hafa oft en ekki verið yngri en annars staðar og stemningin algert dúndur. Það sama verður uppi á teningnum þessa helgi þegar hljómsveitin í Svörtum fötum kemur til með að halda uppi stuðinu og lætur dansinn duna langt fram eftir nóttu eins og ekkert sé sjálf-sagðara.

LANDSMÓT HESTAMANNA OG ANNARRA

Landsmót hestamanna er haldið á tveggja ára fresti en var áður haldið á fjögurra ára fresti. Nú er það haldið á Vindheimamelum í Skagafirði. Það vantar aldrei stemninguna á

þessi landsmót enda verður það seint sagt um hestamenn að þeir kunni ekki að skemmta sér. Það kostar 8.000 inn á svæðið eftir klukkan 23 í kvöld og innfalið í því er tjaldstæði og ball með Geirmundi bæði kvöldin.

HÁSKÓLANEMAR Í HALLGEIRSEY

Háskólanemar flykkjast í Hallgeirsey um helgina en fyrir löngu er orðið uppselt á þennan atburð og nánast ómögulegt fyrir utanaðkomandi aðila að komast inn á svæðið. Undanfarin tvö ár hafa háskólanemar fjölmennt á Skóga en nú hefur orðið breyting þar á og verður gáfumannadrykkja í Austur Landeyjum.

GEIRMUNDUR LÆTUR SÖNGINN ÓMA Á LANDSMÓTI HESTAMANNA Á VINDHEIMAMELUM.



JÓNSI VERÐUR Á ÓLAFSVÍK MEÐ HLJÓMSVEIT SINNI OG RÍFUR SIG AN EFA ÚT AÐ OFAN.



ÞAÐ ER MIKIÐ FJÖR OG HÚLLUMHÆ Í BORGARLEIKHÚSINU NÚ UM HELGINA

FOOTLOOSE Á FULLRI FERÐ

Jæja, þá er loksins komið að því. Sumar-söngleikurinn í ár, Footloose, var frumsýndur á fimmtudagskvöld og rúllar áfram á fullri ferð. Eins og alþjóð veit eru það skötuþjúg Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Halla Vilhjálmisdóttir sem fara með aðalhlutverkin og er Þorvaldur í hinu ódauðlega hlutverki, sem Kevin Bacon lék svo eftirminnilega í samnefndri kvikmynd.

Það er við miklu að búast því Unnur Ösp Stefánsdóttir er búin að hamra á leikhópnum síðustu ellefu vikur á þrotlausum æfingum. Þorvaldur Bjarni sér um tónlistina og danshöfundur er Sví, sem samdi hvorki meira né minna en atriði hinnar sænsku Carlottu í Eurovision um daginn.

Á föstudagskvöld er önnur sýning á verkinu og eftir því sem við best vitum eru til lausir miðar á hana. Á laugardagskvöld



STELPURNAR Í FOOTLOOSE ERU SVAKA SÆTAR.

er síðan þriðja sýning og þá fær hópurinn smá hvíld. Næsta miðvikudag, fimmtudag og föstudag heldur Footloose síðan áfram á fullri ferð. „Put on your dancing shoes!“

KK FRUMSÝNIR NÝJA BLÚSINN

Meistari KK kynnir um þessar mundir nýja plötu sem hann hefur verið að dunda sér við að taka upp í Geimsteini í Keflavík að undanförmu. Gripurinn heitir KK Blús og var upptökustjórn í höndum Guðmundar Kristins Jónssonar, gítarleikara Hjálma. Platan mun líta dagsins ljós á næstu dögum og er víst að margir aðdáendur KK bíða spenntir.

HJÁLMAVNIR STYÐJA VIÐ SINN MANN OG BJÓÐA TIL STÓRTÓN-LEIKA EFTIR KK-BLÚSINN.



KK BÝÐUR UPP Á URRANDI BLÚS Á NASA.

Á föstudagskvöld ætlar KK að kynna plötuna með Blúsbandi KK á NASA. Þar verða nýju lögin tekin með blásturshljóð-færaleikum og öllu tilheyrandi. Mikið fjör. Hjálmar taka síðan við húsinu þegar KK er búinn og taka af stað af sinni alkunnu snílld.

Húsið opnar klukkan 21 en tónleikarnir með Blúsbandi KK hefjast stundvíslega klukkan 23.

NÝTT & FERSKARA BLAÐ



Friðrikka Geirsdóttir
fann draumaprinsinn



Þóra & Völfi Snær
stjörnubrúðkaup



Ásdís Rán & Garðar
skínandi falleg á brúðkaupsdaginn

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA



PENETRETTORINN MÆTIR AFTUR TVÍEFLDUR

LEIKFÉLAGIÐ VÉR MORÐINGJAR HEFUR TEKIÐ HÖNDUM SAMAN VIÐ HUGARAFL, HÓP FÓLKS MEÐ GEÐRÆN VANDAMÁL, OG STOFNAÐ SJÓÐ TIL STYRKAR UNGU FÓLKI MEÐ GEÐRÆN VANDAMÁL.

„Við hlökkum til að takast á við verkið aftur og ætlum að sýna það í allt sumar,“ segir Stefán Hallur Stefánsson leikari. Þann 11. júlí frumsýnir hann með félögum sínum Jörundi Ragnarsyni og Vigni Rafni Valþórssyni í leikfélaginu VÉR morðingjar verkið Penetreitor í Sjóminjasafninu úti á Granda. Þar taka þeir upp þráðinn frá síðasta sumri en þeir sýndu Penetreitor við góðar undirtektir og fengu frábera dóma gagnrýnenda, meðal annars fjórar stjórnur hjá Páli Baldvini Baldvinsyni í DV.

FRÁBÆRT MÁLEFNI

Uppsetning verksins er merkilæg að því leyttu að hún er unnin í náninni samvinnu með Hugarafli, sem er hópur fólks með geðræn vandamál. Þá var

ákveðið að allur ágóði uppsetningarinnar rynni í nýstofnaðan sjóð VÉR morðingja og Hugarafli, sem nefnist Styrktarsjóður Hugarafli fyrir ungt fólk á aldrinum 18-20 ára. Þetta er sjóður sem hefur það að markmiði að styrkja ungt fólk með geðræn vandamál til skapandi verkefna. Sem sagt frábært málefni.

SÝNT ÚTI Á GRANDA

„Þetta verður ekki hrein endurtekning á sýningunni síðan í fyrra. Það kemur nýtt fólk frá Hugarafli sem horfir á æfingar hjá okkur og kemur með athugasemdir. Leikritið hverfist í kringum geðhvarfasyki og önnur vandamál þannig að þær eru ómetanlegar,“ útskýrir Stefán.

Sjóminjasafnið lánar leikfélaginu húsnæði, sem er úti á Granda. Þar var verkið Rit-skóðarinn nýlega sýnt við góðar undirtektir.

Auk Stefáns, Jörundar og Vignis leikur Ingvar E. Sigurðsson í verkinu. Þetta er því öflugur leikhópur en bæði Stefán og Jörundur eru nýtt-skrifaðir úr leiklistardeild LHÍ. Vignir á eitt ár til stefnu en hann þýddi verkið svo bragð er að. Kristín Eypórsdóttir leikstýrði.

Þessi áhrifamikla sýning fjallar um sambýlinga sem fá gamlan vin í heimsókn. Jörundur og Vignir leika heima-mennina en Stefán er aðkomumaðurinn, nýkominn úr herþjálfun, sem hleypir öllu í bál og brand.

tinni@minnsirkus.is

INGVAR E. SIGURÐSSON FER MEÐ GESTAHLUTVERK Í SÝNINGUNNI.

STEFÁN OG VIGNIR Á ÖGURSTUNDU.



STEFÁN, VIGNIR OG JÖRUNDUR MEÐ KRISTÍNU LEIKSTJÓRA.

Fyrir forvitna:

vermordingjar.blogspot.com

Á síðunni er hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar um verkið og skoska höfundinn Anthony Neilson, sýningartíma, leikarana, Hugarafi og fleira.

ÞAD Á AÐ GERA
MYND UM ÆVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?

ÆVINTÝRAMYND MEÐ EGGERT ÞORLEIFS

„Etli það væri ekki bara Eggert Þorleifsson“ segir Kristín Björk Kristjánsdóttir, betur þekkt sem tónlistarstúlkan Kira Kira. „Ég held að hann myndi gera þetta mjög vel. Alveg



handviss um það. Hann er langskemmtilegasti leikari á Íslandi og þótt viðar væri leitað.“ Kristín fer ekki með rangt mál en það er óneitanlega erfitt að ímynda sér hinn 54 ára Eggert fara með hlutverk hinnar 23 ára Kristínar. Þessu svarar Kristín: „Ja, Eggert hefur nú oft brugðið sér í kvenhlutverk með góðum árangri,“ og hlær. „Þetta væri svona ævintýraleig hasarmynd. Kannski dældið eins og Amelie eða eitthvað svoleiðis. Þegar ég fer á flug þá get ég verið dældið eins og Amelie.“ Kristín hefur verið að vinna með Tíllraunaeldhúsinu í vor en er að taka því rölega í tónlistinni og mun koma filefild aftur til starfa í haust.

FRÉTTASTOFA GILLZ – ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA!

Núna er ég maður fólksins, ég fæddist ekki með silfur-skeið í munnum, ég vakna 5.30 á morgnana og fer í vinnuna og kem heim klukkan 10 á kvöldin. Ég lít á mig sem einn af almúganum, enda á ég það til að sniðganga VIP-röðina á Óliver bara til að geta skellt mér í venjulegu röðina með venjulega fólkinu. Þó svo að ég líti út eins og David Beckham og Arnold Schwarzenegger er ég ekkert svo frábrugðinn hinum almenna hlogóma vinnandi manni þarna úti. Ég fylgist með fréttum eins og flestir aðrir en mér finnst eins og það vanti allan pung í fréttir á Íslandi. Við búum á litlu landi og 99% af landanum eru svo hörundssár að ef að þú segir eitthvað fara allir í fýlu. En Gillz flytur ykkur fréttirnar sem aðrir fréttamiðlar þora einfaldlega ekki að segja ykkur.

FRÉTTASTOFA GILLZ – ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA

Sala á karlkyns brjóstahöldurum hefur aukist til muna undanfarið og hefur það væntanlega eitthvað með það að gera að Íslendingar eru að springa út. Þekktir einstaklingar hafa sést með brjóstahaldara undanfarið og má þar nefna Bjarna töframann, Adolf Inga Erlingsson, Eyvind Karlsson og Hávar Sigurjónsson.

Sjónvarpsstöðin Sýn hefur tekið þá ákvörðun að hætta með þáttinn 4 4 2 sem Heimir Karlz og Steini Joð sjá um. Ákveðið hefur verið að byrja með nýjan þátt og mun hann bera nafnið Flautan og verður þar einungis fjallað um dómgæslu. Verða fengnir þybbnir íslenskir dómáram til þess að fjalla um dómgæslu í þrjá tíma fyrir og eftir leiki.

Fréttastofan undrar sig á því af hverju fengnir hafa verið íslenskir dómáram í þáttinn til þess að gagnrýna verk annarra en fyrir þá sem ekki vita hafa íslenskir dómáram verið með allt niðrum sig í fyrri umferð Landsbankadeildar karla hér á landi.

Allir þeir sem komu að gerð Orkuveituauglýsingarinnar hafa verið kærðir og gætu sumir þurft að sitja inni í dágóðan tíma. Dómáraminn í málinu sagði í hádegisfréttum að biðji hins vegar aðilarnir sem komu að þessum viðbjóði þjóðina afsökunar gæti dómurinn verið mildaður. Eftir að Orkuveituauglýsingin fór í spilun hefur þunglyndi aukist um 19% og sjálfsvígum fjölgað verulega. Fréttastofan KREFST þess að þessi auglýsing verði tekin af dagskrá og það strax!

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, hefur sést undanfarið ganga með bleiu því samkvæmt heimildum fréttastofu hefur Geir ekki undan því að skeina sér. Geir hefur ítrekað drullað á sig og náðu hægðirnar hámarki þegar hann neitaði að veita kjötstykkinu og kyntákninu Gillzenegger blaðamannapassa inn á knattspyrnuvöllina í sumar.

Ætla KSÍ að ráða hverjir fjalla um íslensku deildina og hverjir ekki? Þegar fréttastofan náði í Geir og spurði hvi háttvirtur Gillzenegger fengi ekki passa stamaði hann, rak við og skellti á. Undanfarna mánuði hefur fréttastofan reynt að fá svör hjá Geir af hverju það séu ekki 5 lið í kvennadeildinni og 4 umferðir til þess að fá spennu og fá fólk á vellina. Þessu hefur Geir ekki svarað. Fréttastofan vill fá svör því almenningur á rétt á því að vita þetta! Af hverju fær Gillzenegger ekki passa á vellina í sumar, vill Geir þagga niður í honum?

Þorsteinn Guðmundsson grínisti sást í Salalauginni í Kópavogi að spóka sig um í góða veðrinu en hann átti eftir að valda miklum usla í búningsklefa laugarinnar. Uppi varð fótur og fit í sturtuklefanum þegar Þorsteinn fór úr sundskýlunni og kom þá í ljós að Þorsteinn var með rakaðan pung. Kom þetta sundlaugargestum gríðarlega á óvart þar sem að Þorsteinn hefur ávallt barist fyrir því að menn eigi að hafa loðinn og mjúkan pung. Þorsteinn virðist vera búinn að játa sig sigraðan og viðurkenna það að það er árið 2006 en ekki 1973.

Eyvindur Karlsson hefur sést ítrekað á BK kjúkling og Players undanfarið að háma í sig keppnisréttinn „Gillz“ og hefur hann víst grennst um 1 kíló og stendur hann núna í 198 kílóum. Við óskum Fretvindi til hamingju með þetta.

Bestu netsíðu landsins, kallarnir.is, hefur verið lokað og má strax sjá mikla örvæntingu hjá landanum. Víðs vegar um landið gengur fólk með skilti sem á stendur „Neggerinn úr að ofan“ en fólk hefur víst miklar áhyggjur af því að það geti ekki lengur séð afrauna- og fitnessmanninn hálf akinn lengur en fólk þarf ekki að örvænta. Fréttastofan hefur áreiðanlegar heimildir fyrir því að Gillz sé að fara að opna aðra síðu sem mun heita Félagarnir.net og er vinahópurinn þar ekki af verri endanum. Þeir sem

verða á þeirri síðu verða meðal annars: Arnar Grant, Ásgeir Kolbeins, Auðunn Blöndal, Hjöbbi Ká, Þorvaldur Davíð, Sólmundur Hólm, Magnús Bess, Eidur Smári, Frosti Logason, Búi Bendtsen og Andri Freyr Viðarsson. Á þessari síðu ætti mjög líklega að vera hægt að sjá guðföðurinn beran að ofan.

Hafa landspekkir hommar haft samband við fréttastofuna og haldið því fram að þeir séu metró. Fréttastofan vill koma því á framfæri að þetta sé að sjálfsögðu saur því að að sjálfsögðu eru hommarnir rjómar en ekki metró. Viljum við útskýra í fljótu bragði hver munurinn á rjómun og metró sé:

Rjómi = Karlmaður sem borðar kynfærin á öðrum karlmönnum.

Metró = Karlmaður sem er myndarlegur og massaður en borðar ekki kynfærin á öðrum karlmönnum.

Þetta er hér með leiðrétt.

ÚR DAGBÓK LÖGREGLU

Uppi varð fótur og fit á skemmtistaðnum Players þegar Ásgeir Kolbeinsson rölti þar inn um miðjan dag þegar Brasíla-Gana var í gangi. Voru þar þeldökkir áhangendur Gana að styðja sína menn og voru komnir verulega í glas þegar þeir sáu Turninn röltu inn. Skemmst er frá því að segja að Kolb var dreginn inn á salerni þar sem að hann var tvímenntur af tveimur Íslendingum af afrískum uppruna. Jamal Johnson og Dwayne Mohúmba sitja inni fyrir verknaðinn. Að sögn vakt-hafandi læknis er líðan hjá Kolb skárr og er hann farinn að geta haft venjulegar hægðir inn á milli.

Fréttastofa Gillz – Þorir meðan aðrir þegja.



31

FERÐA **FRELSI**

Taktu Frelsið með í ferðina.

Ferðafrelsið virkar alveg eins og Frelsið þitt hér heima!

Símtölin eru gjaldfærð samstundis og því færðu enga bakreikninga eftir heimkomuna. Núna þarftu ekki að skrá þig sérstaklega í Ferðafrelsi Og Vodafone og þú getur notað það í flestum löndum. Kynntu þér málið á ogvodafone.is áður en þú leggur af stað.

Góða ferð.

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, komdu í næstu verslun **Og Vodafone** eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!